

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2357  
komudagur 10.5.2011

Skrifstofa Alþingis  
b.t. viðskiptanefndar  
Austurvelli  
150 Reykjavík.

Kópavogi, 6. maí 2011

**Efni: Umsögn um efni frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum, 724. mál, þskj. 1248.**

Undirrituðum lögmönnum hefur verið falið af fyrirvarsmönnum Útlána – samtaka fjármálafyrirtækja án umsýslu fjármuna annarra að rita umsögn um ofangreint frumvarp og afhenda virðulegri viðskiptanefnd Alþingis. Umbj. okkar eru samtök svokallaðra smálánafyrirtækja sem hafa það markmið eitt að vera málsvari fyrirtækjanna og stuðla að samkeppnishæfum starfsskilyrðum fyrirtækjanna á íslenskum fjármálamarkaði.

#### I. Almenn

Starfsemi smálánafyrirtækja er í grunninn afar einföld og felst í stuttu máli í því að veita viðskiptavinum peningalán að fjárhæð kr. 10.000,- til kr. 40.000,-. Í upphafi getur viðskiptavinur aðeins fengið lánaðar kr. 10.000,- og ef hann hefur greitt lánið til baka býðst honum að taka lán að fjárhæð kr. 20.000,- o.s.frv. Samanlögð lántaka getur þó aldrei numið hærri fjárhæð en kr. 40.000,-. Lánin eru veitt til 15 daga í senn og eru þau alfarið fjármögðuð með eigin fé fyrirtækjanna sjálfra. Skilyrði fyrir lánveitingu er að viðskiptavinur sé lögráða, sé ekki á vanskilaskrá og hafi ekki fengið heimild til greiðsluaðlögunar. Allar nánari upplýsingar um starfsemina má finna á vefsíðu Útlána á [www.samtokin-utlan.is](http://www.samtokin-utlan.is).

Í upphafi er rétt að taka fram að fyrirtækin hafa til þessa starfað á grundvelli laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu nr. 33/2005 og hafa fyrirtækin í einu og öllu fylgt þeim skyldum sem löggin hafa sett þeim. Um þetta vísast m.a. til umsagnar efnahags- og viðskiptaráðuneytisins til Neytendasamtakanna, dags. 15. júní 2010 (fylgiskjal 1).

Þrátt fyrir að hafa starfað samkvæmt gildandi lögum hafa smálánafyrirtæki sætt mikilli gagnrýni sem oft á tíðum hefur verið ósanngjörn og ómálefnaleg í þeirra garð. Einna hörðust hefur gagnrýnin verið frá efnahags- og viðskiptaráðherra sem m.a. lét eftirfarandi orð falla í fréttum Ríkisútvarpsins þann 8. febrúar 2010:

*„Þetta er starfsemi sem á ekki að líðast, hefur ekkert samfélagslegt gildi og ég held það skipti okkur miklu máli að finna leiðir til að stöðva þennan ófögnuð eins fljótt og við getum.“<sup>1</sup>*

<sup>1</sup> Sjá <http://www.ruv.is/frett/vill-stodva-sms-lanastarfsemi>.

Vegna þeirrar gagnrýni sem félögin hafa orðið fyrir hafa þau um langt skeið óskað eftir því að allri óvissu verði eytt um þann lagaramma sem félögunum ber að starfa eftir, hafi slík óvissa verið til staðar. Þannig hafa fyrirsvarsmenn fyrirtækjanna m.a. fundað með fyrrverandi og núverandi viðskiptaráðherra og talsmanni neytenda í því skyni að kynna starfsemi sína og óska eftir samstarfi vegna þeirrar þjónustu sem þau hafa boðið viðskiptavinum sínum upp á frá stofnun félaganna árið 2009. Í nóvember á síðasta ári lagði efnahags- og viðskiptaráðherra fram drög að frumvarpi um starfsemi smálánafyrirtækja og skiluðu bæði fyrirtækin inn umsögn til ráðuneytisins vegna málsins þar sem verulegar athugasemdir voru gerðar við fyrirætlanir ráðherra. Frumvarpsdrög ráðherra ásamt umsögnum má lesa á fylgiskjölum 2, 3 og 4 með umsögn þessari.

Vegna þess sem á undan hefur gengið er það samtökunum því mikið fagnaðarefni að horfið hafi verið frá fyrri fyrirætlunum og þess í stað sé nú komið fram frumvarp sem ætlað er að fella starfsemina undir lög um neytendalán og þannig tryggja jafnræði milli smálánafyrirtækja og annarra lánastofnanna.

Ef hið háa Alþingi ákveður að breyta lögum um neytendalán í því skyni að þau nái til svokallaðra smálána þá er nauðsynlegt að við lagasetninguna sé gætt hófs og yfirvegunar. Undirritaðir vilja af því tilefni benda á nokkur atriði er þykja orka tvímælis en þó skal tekið fram að í grunninn er frumvarpið að mestu skynsamlegt og í samræmi við þá starfsemi og viðskiptahætti sem smálánafyrirtæka viðhafa í dag. Fulllangt þykir þó gengið í nokkrum atriðum er nú verða rakin.

## **II. 1. gr. frumvarpsins**

Ekki eru gerðar athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins.

## **III. 2. gr. frumvarpsins**

2. gr. frumvarpsins felur í sér skyldu til að veita upplýsingar sem þegar eru veittar af hálfu smálánafyrirtækja á heimasíðum þeirra. Sú athugasemd er gerð við orðalagið „við markaðssetningu“, að það sé of víðtækt.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að ætlunin sé að gera fyrirtækjum skylt að veita ákveðnar upplýsingar í kynningarefni sínu. *Markaðssetning* er víðtækara hugtak en *kynningarefni* og má ætla að það taki jafnframt til auglýsinga í fjölmiðlum. Það er sjálfsagt að kynna rækilega þær upplýsingar sem getið er í 2. gr. frumvarpsins en það er útiokað að ætla fyrirtækjum að setja allt þetta efni í einfaldar auglýsingar og er því mælt með að orðalagið í þessum efnum verði skýrara og afmarkaðra. Kynning á starfsemi smálánafyrirtækja fer að mestu fram í gegnum heimasíðu fyrirtækjanna og þar fer kynning á skilmálum viðskiptanna fram. Farsælast væri að mati umbj. okkar að gera fyrirtækjunum að setja upplýsingarnar fram með tilteknum áberandi hætti á heimasíðum þeirra þar sem fyrsta sýn fyrirtækjanna gagnvart viðskiptavinum kemur fram.

## **IV. 3. gr. frumvarpsins**

Eins og fram hefur komið hér að framan fer nú þegar fram mat á greiðslugetu viðskiptavina af hálfu smálánafyrirtækja áður en viðskipti hefjast. Það er nauðsynlegt til að takmarka áhættuna af því að viðskiptavinurinn geti ekki greitt til baka það sem lánað er. Um er að ræða

könnun á vanskilaskrá og hvort viðkomandi hafi fengið heimild til greiðsluáðlögunar. Ítarlegra mat en nú fer fram getur varla talist í nokkru samræmi við þær fjárhæðir sem í húfi eru í starfsemi fyrirtækjanna. Umbj. okkar telur skynsamlegt að miða þörf á Ítarlegu greiðslumati við raunhæfar fjárhæðir, þ.e. ef lán er yfir tiltekinni fjárhæð þá þurfi að fara fram greiðslumat. Mætti nefna fjárhæðina kr. 200.000,- til 500.000,- í því sambandi, en það skal tekið fram að umbj. okkar hefur enga sérstaka skoðun myndað sér á mikilvægi greiðslumats vegna hærri lánsfjárhæða, enda eru slíkar vangaveltur honum óviðkomandi. Þó má ganga út frá því að skylda til greiðslumats vegna allra neytendalána óháð fjárhæð gæti orðið fyrirtækjum og viðskiptavinum þeirra afar þungbær. Svo dæmi sé tekið þá gæti húsgagnaverslun ekki selt foreldrum barnarúm á raðgreiðslum nema að undangengnu greiðslumati.

Í tilviki umbj. okkar þá myndi formlegt greiðslumat vegna viðskipta að fjárhæð kr. 10.000,- augljóslega kalla á aukna vinnu og utanumhald sem leiðir af sér aukinn kostnað fyrir lántakendur þegar upp er staðið.

#### V. 4. gr. frumvarpsins

Umbjóðandi minn telur ákvæði 4. gr. að mestu eðlilegt. Það verður þó í þessu sambandi að horfa til þess að í því að veita smálán með þeim rafrænu færslum og utanumhaldi felst kostnaður. Það felst því tvíþing í því er kemur fram í frumvarpinu að annars vegar er heimilt að gera neytanda að greiða kostnað sem fyrirtækið hefur orðið fyrir vegna lánsins og hins vegar að segja að sá kostnaður megi ekki fara fram yfir hlutfallslegan kostnað m.v. lánstíma af fullfndum samningi. Til þess að ná tilgangi ákvæðisins þyrfti að vera ákvæði um að lánstíminn í þessu sambandi teljist aldrei skemmri en fimm dagar eða tilgreina lágmarksfjárhæð. Að öðrum kosti fær fyrirtækið ekki einu sinni lágmarksgrunnkostnað greiddan. T.d. má í þessu sambandi benda á kostnað eins og greiðsluseðlagjald banka o.fl.

#### VI. Niðurlag

Samanborið við aðra lánastarfsemi sem hefur viðgengist hér á landi árum saman án þess að sérstök löggjöf hafi verið sett um hana þá er starfsemi umbj. okkar lítilfjörleg. Fjárráða einstaklingar sem ekki eru á vanskilaskrá geta fengið yfirdráttarheimildir í bönkum fyrir mörg hundruð þúsunda króna án þess að um slíkt gildi sérstök löggjöf. Sömu einstaklingar fá kreditkort í hendur þar sem úttektarheimild er í byrjun kr. 100.000,- án nokkurra skilyrða. Með kreditkortum eru síðan keyptar vörur að virði allt að kr. 250.000,- með raðgreiðslusamningum. Fjöldi verslana og þjónustufyrirtækja gera lánasamninga við einstaklinga vegna kaupa á vörum þar sem til grundvallar liggur aðeins könnun á viðskiptavini á vanskilaskrá. Þessi viðskipti geta numið hundruðum þúsunda. Umbj. okkar lét gera sérstaka rannsókn í tilefni af umsögn þessari þar sem fengin var 19 ára gömul stúlka til að ganga á milli fyrirtækja, fá lán, kreditkort, kaupa vörur o.s.frv. Á aðeins fjórum dögum hafði stúlkann skuldsett sig með eftirfarandi hætti:

1. Yfirdráttarheimild í Landsbanka Íslands	kr. 200.000
2. Kreditkort og úttektir af því	kr. 100.000
3. Raðgreiðslusamningur hjá Vodafone vegna kaupa símtækis	kr. 142.990
4. Raðgreiðslusamningur hjá raftækjaverslun	kr. 82.108

- |                                 |            |
|---------------------------------|------------|
| 5. Smálán hjá Kredia ehf.       | kr. 10.000 |
| 6. Smálán hjá Hraðpeningum ehf. | kr. 10.000 |


Samtals tókst stúlkunni á afar skömmum tíma að skuldsetja sig fyrir kr. 545.098,-. Einnig átti hún kost á að fjárfesta í bifreið að fjárhæð kr. 400.000,- en þar sem hún er námsmaður gat hún ekki skilað inn þremur launaseðlum sem krafist var til að taka yfir bílalánið á bílnum. Ef hún væri almennur launþegi hefði hún auðveldlega getað hækkað skuldsetninguna í kr. 1.000.000,-. Að auki hefði viðkomandi getað leigt bíl, leigt tæki og tól hjá ýmsum tækjaleigum fyrir tugi þúsunda án nokkurra skilyrða.<sup>2</sup>

Að lokum telur umbj. okkar nauðsynlegt að víkja í stuttu máli að umsögn Velferðarvaktarinnar sem finna má í athugasemdum með frumvarpinu. Sú umsögn gefur alranga mynd af þeim hópi einstaklinga sem á viðskipti við smálánafyrirtæki og er því miður full af ranghugmyndum um starfsemina og eðli hennar. Ekki þykir ástæða til að fara yfir umsögn velferðarvaktarinnar í smáatriðum en rétt þykir að benda á þann grundvallarmisSKIining er þar kemur fram. Umsagnaraðili virðist horfa fram hjá þeirri staðreynd að fyrirtækin lána aðeins kr. 10.000,- til einstaklinga sem eru fjárráða, eru ekki á vanskilaskrá og hafa ekki fengið heimild til greiðsluáðlögunar. Mat á greiðslugetu fer fram af hálfu fyrirtækjanna vegna þess að það er þeim nauðsynlegt að fá lánið greitt til baka. Enginn fær hærra lán en kr. 10.000,- og getur samanlögð lánsfjárhæð aldrei numið hærri fjárhæð en kr. 40.000,- ef viðskiptavinurinn getur sýnt fram á jákvæða viðskiptasögu. Ekki er nokkur vafi í huga umbj. okkar að þau dæmi sem rakin eru í umsögn Velferðarvaktarinnar taka til einstaklinga sem eiga í fjárhagsörðugleikum sem rekja má til annarra þátta en starfsemi smálánafyrirtækja. Að velja það orðalag að segja að dæmin séu af fólki sem „hefur orðið fyrir barðinu á smálánafyrirtækjum“ lýsir frekar hugarfarir þess er umsögnina ritar frekar en starfsemi fyrirtækjanna og umfangi viðskiptanna. Umsögnin er því ekki byggð á hlutlægu mati eins og gera verður kröfu um þegar þörf er metin á setningu löggjafar sem setur lögmætum atvinnurekstri skorður.

Ef Viðskiptanefnd Alþingis samþykkir hafa undirritaðir áhuga á að koma á fund nefndarinnar til að skýra ofangreinda umsögn og svara spurningum er kunna að vakna.

Virðingarfyllst  
f.h. Útlána

  
Haukur Örn Birgisson hrl.

  
Ragnar Baldursson hrl.

<sup>2</sup> Mikil og hröð skuldsetning – rannsóknarverkefni unnið af Jens Ívari Jóhannusyni Albertssyni í maí 2011. Skýrslan er merkt sem fylgiskjal 5.



Neytendasamtökin  
Hverfisgötu 105  
101 Reykjavík

EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 150 Reykjavík  
sími: 545 8800 bréfasími: 511 1161  
postur@evr.is evr.is

Reykjavík 15. júní 2010  
Tilv.: EVR10010023/3.12

Efni: Sms-lán.

Vísað er til bréfs Neytendasamtakanna, dags. 29. desember 2009, og ítrekunar þess með bréfi dags. 27. maí 2010, um svokölluð sms-lán.

Á undanförunum mánuðum hefur staðið yfir í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu skoðun á því hvort og þá með hvaða hætti skuli brugðist við starfsemi þeirra fyrirtækja sem bjóða upp á svokölluð smálán. Einkum hefur verið skoðað hvort rétt sé, og fært, að banna starfsemina eða hvort gera eigi fyrirtækin sem starfsemina stunda leyfis- eða skráningarskyld.

Þótt ráðuneytið taki heilshugar undir framkomna gagnrýni á fyrirtækin þykir því vandséð að starfsemi þeirra verði bönnuð. Nægir hér að vísa til alþjóðlegra skuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir með aðild sinni m.a. að EES-samningnum, sem lögleiddur er hér á landi með lögum um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993 og frelsis til að stunda atvinnu, sbr. 75. gr. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Í þessu sambandi er einnig rétt að vekja athygli á því að starfsemi sem þessi er heimiluð í nágrannaríkjunum enda lúta þau sambærilegu regluverki og gildir hér á landi.

Þau fyrirtæki sem bjóða upp á umrædd lán, falla undir lög um fjarsölu á fjármálaþjónustu, nr. 33/2005. Með lögnum eru innleiddar tilteknar tilskipanir Evrópusambandsins en skv. 1. gr. laganna gilda þau um fjarsölusamninga um fjármálaþjónustu og markaðssetningu sem miðar að slíkum samningum. Kjarni laganna lýtur að upplýsingaskyldu í þágu neytenda, sbr. II. kafli laganna, en hvorki er í þeim né í umræddum tilskipunum kveðið á um leyfisskyldu þjónustuveitenda.

Jafnvel þótt vilji stæði til að gera starfsemi smálánafyrirtækja leyfisskylda og láta hana lúta strangara eftirliti, t.d. með því að fella hana undir lög um fjármálaþjónustu, nr. 161/2002, þá virðist regluverk Evrópusambandsins setja því skorður. Samkvæmt þeim lögum er veiting útlána sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi leyfisskyld starfsemi. Smálán eru ekki fjármögnuð með þessum hætti. Fyrirkomulagið samkvæmt lögum nr. 161/2002 er til samræmis við tilskipun Evrópusambandsins 2006/48/EB um stofnun og rekstur lánastofnana.


Þá fær ráðuneytið ekki séð að skráningarskylda fyrirtækja sem stunda smálánastarfsemi, t.d. til Fjármálaeftirlitsins, myndi miklu breyta varðandi starfsemi þeirra sem slíka. Skráningarskylda myndi fyrst og fremst gera það að verkum að ljóst væri hverjir standa að baki fyrirtækjunum.


Að framansögðu má sjá að örðugt er að bregðast við starfsemi smálánafyrirtækja. Fyrirtækin starfa samkvæmt lögum nr. 33/2005 og virðast uppfylla skilyrði laganna um upplýsingaskyldu til neytenda.

Skilmálar fyrirtækjanna eru, þegar í upphafi, ljósir neytendum. Þeir bera með sér hinn gríðarlega háa lánskostnað. Ráðuneytinu virðist því sem treysta verði á dómgreind neytenda. Hér geta Neytendasamtökin vissulega gegnt lykilhlutverki. Þá er ástæða til að nefna að sú starfsemi sem hér um ræðir sætir ekki einokun, þ.e. sé það ætlun neytenda að verða sér úti um lánsfé þá eru ýmsar aðrar leiðir færar í þeim efnum.

Að endingu þakkar ráðuneytið Neytendasamtökunum erindið og biðst um leið velvirðingar á drætti á svörum.

Fyrir hönd ráðherra

  
Kjartan Gunnarsson

  
Ómar Þór Eyjólfsson

## Frumvarp til laga

um starfsemi smálánafyrirtækja, o. fl.

### I. KAFLI

#### Gildissvið og orðskýringar.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Lög þessi gilda um starfsemi smálánafyrirtækja hér á landi.

Með starfsemi smálánafyrirtækja er átt við þá starfsemi sem felst í að kynna, bjóða eða veita einstaklingum lán, allt að einni milljón króna, og án tillits til þess hvernig lánveitingin fer að öðru leyti fram.

##### 2. gr.

##### *Ófrávíkjanleiki.*

Óheimilt er að víkja frá ákvæðum laga þessara með samningi ef það leiðir til lakari stöðu viðskiptamanns.

##### 3. gr.

##### *Orðskýringar.*

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Smálánafyrirtæki*: Eftirlitsskyldur aðili sem stundar starfsemi samkvæmt ákvæðum laga þessara.
2. *Smálán*: Lán allt að einni milljón króna, sem smálánafyrirtæki kynnir, býður eða veitir einstaklingum.
3. *Viðskiptamaður*: Einstaklingur sem smálánafyrirtæki kynnir, býður eða veitir smálán.

##### 4. gr.

##### *Starfsemi undanþegin lögum.*

Lög þessi taka ekki til útlána lánastofnana skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

### II. KAFLI.

#### Starfsleyfi.

##### 5. gr.

##### *Starfsleyfisveitandi.*

Fjármálaeftirlitið veitir smálánafyrirtæki starfsleyfi samkvæmt lögum þessum og er öðrum en þeim sem hlotið hafa slíkt starfsleyfi óheimilt að kynna, bjóða eða veita smálán. Smálánafyrirtæki er heimilt að hefja starfsemi þegar starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins hefur verið veitt.

Ágreiningur um það hvort starfsemi falli undir ákvæði laga þessara skal borinn undir stjórn Fjármálaeftirlitsins. Niðurstaða hennar er endanleg á stjórnsýslustigi.

6. gr.

*Umsókn.*

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg og henni skulu fylgja:

1. Nafn, kennitala, hlutafé og lögheimili umsækjanda.
2. Samþykktir umsækjanda.
3. Upplýsingar um starfsskipulag þar sem m.a. komi fram upplýsingar um hvernig fyrirhugaðri starfsemi verði sinnt.
4. Upplýsingar um innra skipulag fyrirtækisins, þ.m.t. eftirlits- og starfsreglur.
5. Viðskipta- og rekstraráætlun þar sem m.a. komi fram fyrirhugaður vöxtur og uppbygging eigin fjár.
6. Upplýsingar um stofnendur og hluthafa, sbr. VI. kafla laga um fjármálafyrirtæki.
7. Upplýsingar um stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur.
8. Staðfesting endurskoðanda á innborgun hlutafjár.
9. Upplýsingar um náin tengsl fyrirtækisins við einstaklinga eða lögaðila, sbr. 18. gr. laga um fjármálafyrirtæki.
10. Allar aðrar viðeigandi upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

7. gr.

*Veiting starfsleyfis.*

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu starfsleyfis skal tilkynnt umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst.

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna umsækjanda um það þegar umsókn telst fullnægjandi.

8. gr.

*Synjun starfsleyfis.*

Fullnægi umsókn um starfsleyfi ekki skilyrðum laga þessara að mati Fjármálaeftirlitsins skal umsókninni synjað.

Synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn skal rökstudd og tilkynnt umsækjanda innan þriggja mánaða frá móttöku fullbúinnar umsóknar. Synjun skal þó alltaf hafa borist umsækjanda sex mánuðum frá móttöku umsóknar.

9. gr.

*Skrá yfir veitt starfsleyfi.*

Fjármálaeftirlitið skal halda skrá, skrá um smálánafyrirtæki, yfir þá sem hlotið hafa starfsleyfi skv. 5. gr.

Eftirfarandi atriði skulu a.m.k. skráð:

1. Nafn, kennitala og lögheimili smálánafyrirtækis.
2. Útgáfudagur starfsleyfis.
3. Nöfn, kennitölur og heimili stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, þegar við á.

Allar breytingar varðandi atriði sem skráð eru í skrána skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu eins fljótt og unnt er og eigi síðar en einum mánuði eftir að þær hafa verið ákveðnar.

Uppfærð skrá um smálánafyrirtæki skal vera aðgengileg á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins.



10. gr.

*Afturköllun starfsleyfis.*

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi smálánafyrirtækis í heild eða að hluta:

1. Hafi fyrirtækið fengið starfsleyfið á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt,
2. fullnægi fyrirtækið ekki ákvæðum laga þessara um hlutafé eða eigið fé,
3. nýti fyrirtækið ekki starfsleyfið innan tólf mánaða frá því að það var veitt, afsali sér ótvírætt leyfinu eða hætti starfsemi í meira en sex mánuði samfelld,
4. fullnægi hluthafar, stjórnarmenn og stjórnendur fyrirtækis ekki hæfisskilyrðum skv. 14. gr.,
5. sé um að ræða nán tengsl smálánafyrirtækis við einstaklinga eða lögaðila með þeim hætti sem um getur í VI. kafla laga um fjármálafyrirtæki,
6. brjóti fyrirtækið að öðru leyti alvarlega eða ítrekað gegn lögum þessum, reglugerðum eða reglum settum samkvæmt þeim, samþykktum eða gegn skilyrðum starfsleyfis.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal fyrirtækinu veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé unnt að koma þeim við að mati Fjármálaeftirlitsins.

**III. KAFLI**

**Stofnun.**

11. gr.

*Búsetuskilyrði.*

Einungis einstaklingar og lögaðilar búsettir hér á landi geta verið stofnendur smálánafyrirtækis.

Ríkisborgarar og lögaðilar annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu svo og Færeyingar og lögaðilar í Færeyjum eru undanþegnir búsetuskilyrðum 1. mgr. Efnahags- og viðskiptaráðherra er heimilt að veita ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

12. gr.

*Rekstrarform.*

Smálánafyrirtæki skal starfa sem hlutafélag.

Um eignarhluti í smálánafyrirtæki fer skv. VI. kafla laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Um ársreikning, endurskoðun og samstæðureikningsskil smálánafyrirtækis fer skv. XI. kafla laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, eftir því sem við á.

13. gr.

*Hlutafé.*

Hlutafé smálánafyrirtækis skal að lágmarki nema 1 milljón evra.

Sé hlutafé skráð í íslenskum krónum skal miða við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur samkvæmt þessari grein.

14. gr.

*Hæfisskilyrði.*

Um hæfisskilyrði stofnenda, stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fer samkvæmt VII. kafla laga um fjármálafyrirtæki, eftir því sem við á.

Sé ekki á annan veg fyrir mælt í lögum þessum gilda ákvæði VII. kafla laga um fjármálafyrirtæki um stjórn og starfsmenn smálánafyrirtækis.

**IV. KAFLI**

**Starfsemi.**

15. gr.

*Almenn ákvæði.*

Um starfsemi smálánafyrirtækja gilda ákvæði laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu og laga um neytendalán, enda sé ekki á annan veg mælt í lögum þessum.

16. gr.

*Starfshættir.*

Smálánafyrirtæki skal starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða starfshætti og venjur á fjármáلامarkaði.

Smálánafyrirtækjum ber að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Í því skyni skulu þau m.a. birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækisins í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu og gera grein fyrir stjórnarháttum sínum á vefsíðu fyrirtækisins og birta þar yfirlýsingu um stjórnarhætti sína. Að öðru leyti setur Fjármálaeftirlitið reglur um hvað teljast eðlilegir og heilbrigðir starfshættir smálánafyrirtækja samkvæmt lögum þessum.

Smálánafyrirtæki skal tilgreina á vefsíðu nöfn og hlutfallslegt eignarhald allra þeirra sem eiga 5% eða stærri hlut í fyrirtækinu.

17. gr.

*Lánveitingar.*

Áður en smálánafyrirtæki veitir viðskiptamanni lán skal það láta fara fram mat á greiðslugetu viðkomandi og skjalfesta niðurstöður þess.

Ekki er heimilt að veita lán til viðskiptamanns sem:

1. er ólöggráða,
2. ekki er fjár síns ráðandi,
3. hefur meðalatvinnutekjur síðast liðna tólf mánuði undir lágstu atvinnuleysisbótum,
4. gengið hefur frá samningi um sértæka skuldaaðlögun á síðustu tólf mánuðum, samkvæmt samkomulagi um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun á grundvelli laga um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins,
5. hefur hafið greiðsluaðlögunarumleitun eða lokið samningi um greiðsluaðlögun samkvæmt lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga eða nauðasamningi til greiðsluaðlögunar samkvæmt X. kafla a. laga um gjaldprotaskipti ofl.

Mat á greiðslugetu skal endurskoðað reglulega og eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti. Smálánafyrirtæki er heimilt að taka gjald fyrir gerð slíks mats. Gjaldið má hæst nema 1% af

lánsfjárhæð fyrsta lánsamnings sem gerður er á milli smálánafyrirtækis og viðskiptamanns eftir gerð matsins.

Óheimilt er að greiða út lán til viðskiptamanns fyrr en 48 klukkustundir eru liðnar frá samþykkt lánsúmsóknar. Um rétt lánþega til að falla frá samningi fer eftir ákvæðum laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu.

Móttaka og afgreiðsla umsókna um smálán er heimil frá kl. 9:00 til kl. 17:00 hvern virkan dag. Virkir dagar teljast mánudagar til laugardaga, nema þeir dagar sem bera upp á almennan frídag.

Um vaxtakjör smálána fer skv. 4. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Auk vaxta er smálánafyrirtæki heimilt að taka gjald fyrir kostnað við gerð lánsamnings. Gjaldið má hæst nema 1% af lánsfjárhæð samnings.

18. gr.

*Hliðarstarfsemi.*

Smálánafyrirtæki er óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem tilgreind er í starfsleyfi þess.

19. gr.

*Starfsábyrgðartrygging.*

Smálánafyrirtæki er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum þess eða starfsmanna þess. Slík trygging getur verið váttrygging tekin hjá váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi eða önnur trygging jafngild að mati Fjármálaeftirlitsins. Nánari ákvæði um gildissvið váttryggingarinnar, þ.m.t. váttryggingarfjárhæðir, skal setja í reglugerð.

Smálánafyrirtæki skal senda Fjármálaeftirlitinu staðfestingu á endurnýjun starfsábyrgðartryggingar.

**V. KAFLI**

**Eftirlit.**

22. gr.

*Eftirlit.*

Um eftirlit með starfsemi smálánafyrirtækis fer skv. XIII. kafla laga um fjármálaþjónustu.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi samkvæmt lögum þessum, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara, laga um fjármálaþjónustu og laga um opinbert eftirlit með fjármálaþjónustu.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum eða hjá eftirlitsskyldum aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru þjónusta án tilskilinna leyfa.

Heimilt er að beita ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálaþjónustu um dagsektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessari grein.

21. gr.

*Eftirlitsgjald.*

Smálánafyrirtæki sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi útgefið af Fjármálaeftirlitinu skal árlega greiða eftirlitsgjald vegna starfsemi sinnar í samræmi við ákvæði laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

**VI. KAFLI.**

**Viðurlög o.fl.**

22. gr.

*Stjórnvaldssektir.*

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn:

1. 5. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis,
2. 3. mgr. 9. gr. um tilkynningar um breytingar á áður skráðum upplýsingum um smálánafyrirtæki,
3. 16. gr. um starfshætti,
4. 17. gr. um lánveitingar,
5. 18. gr. um bann við hliðarstarfsemi,
6. 19. gr. um skyldu til þess að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu.

Auk stjórnvaldssekta skv. 1. mgr. getur Fjármálaeftirlitið lagt stjórnvaldssektir á smálánafyrirtæki skv. XIV. kafla laga um fjármálaeftirlitið, eftir því sem við á.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 100 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í rikissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

23. gr.

*Sátt.*

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

24. gr.

*Réttur grunaðs.*

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur aðili, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti

haft þýðingu varðandi ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

25. gr.

*Fyrningarfrestur.*

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því er háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

26. gr.

*Sektir og fangelsi.*

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum:

1. 5. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis,
2. 3. mgr. 9. gr. um tilkynningar um breytingar á áður skráðum upplýsingum um smálánafyrirtæki,
2. 16. gr. um starfshætti,
3. 17. gr. um lánveitingar
4. 18. gr. um bann við hliðarstarfsemi,
5. 19. gr. um skyldu til þess að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu.

**VII. KAFLI**

**Gildistaka**

27. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi taka þegar gildi.

**VIII. KAFLI**

**Breytingar á öðrum lögum**

28. gr.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum:

Nýr töluliður bætist við 1. mgr. 5. gr. svohljóðandi: Smálánafyrirtæki skulu greiða fastagjald sem nemur 600.000 kr.


29. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum nr. 88/1991 um aukatekjur ríkisstjóðs:

Nýr töluliður bætist við 11. gr., svohljóðandi: Leyfisbréf fyrir smálánafyrirtæki sbr. 5. gr. laga nr. XX/2010 um starfsemi smálánafyrirtækja, ofl. 166.000 kr.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Smálánafyrirtæki sem starfa hér á landi við gildistöku þessara laga skulu þegar í stað grípa til viðeigandi ráðstafana til að uppfylla skilyrði laga þessara og skulu uppfylla þau eigi síðar en þremur mánuðum frá gildistöku þeirra.



Efnahags- og viðskiptaráðuneytið  
Sölvhólsögötu 7  
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2010

**Efni:** Athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um starfsemi smálánafyrirtækja o.fl.

Hér fara á eftir athugasemdir við ýmis ákvæði frumvarps er lögð hafa verið drög að í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu um starfsemi smálánafyrirtækja o.fl. Óhætt er að segja að í drögnum sé farið offari í regluverki um einfalda starfsemi og virðist stefnt að því að útiloka að starfsemi sem þessi geti þrífist í landinu. Miklu lengra er gengið hér en á öðrum Norðurlöndum í þessum eignum.

Drögin eru í algeru ósamræmi við álit Kjartans Gunnarssonar, ráðuneytisstjóra Efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, og Ómars Þórs Eyjólfssonar, lögfræðings í ráðuneytinu, sem þeir skrifuðu 15. júní s.l. Þar lýsa þeir eindregið þeirri skoðun sinni að starfsemi íslenskra smálánafyrirtækja standist gildandi lög og samræmist Evrópureglum. Í ljósi þessa er skorað á ráðherra að endurskoða fjölda ákvæða draganna og grundvöll þeirra í heild sinni. Ofangreindir lyklstarfsmenn ráðuneytisins segja að ekki sé tækt að setja lög eins og stefnt er að með frumvarpsdrögnum. Þeir vísa m.a. til þess að lagasetning af þessu tagi sé mannréttindabrot og brot á EES samningnum þar sem verið er að skerða frelsi manna til að stunda atvinnu, sbr. 75. gr. stjórnarskrárinnar. Þá lýsa þeir yfir að ekki sé unnt að gera smálánafyrirtæki leyfisskyld eins og mun vera ætlunin samkvæmt frumvarpinu. Ennfremur kemur fram hjá þeim að ráðuneytið fær ekki séð tilgang með leyfisskyldunni.

Þegar skoðuð er eindregin afstaða ráðuneytisins sem kom skriflega fram fyrir aðeins fimm mánuðum, sæta furðu þessi frumvarpsdrög sem nú liggja fyrir. *Hraðpeningar ehf.* taka undir skoðun ráðuneytisins frá því í sumar en telja drögin, sem nú liggja frammi, byggð á misskilningi um eðli starfseminnar. Drögin virðast hafa það eitt að markmiði að útiloka rekstrargrundvöll fyrirtækisins og samkeppnisaðila þess og öllum er ljóst, að verði frumvarpið að lögum legðist starfsemi fyrirtækisins niður. Eigendur félagsins gætu ekki unað slíkri meðferð og myndu leita réttar síns fyrir íslenskum dómstólum og ef þörf krefði, Evrópu- og mannréttindadómstólum. Tjón eigenda, er lagt hafa verulegar fjárhæðir í uppbyggingu fyrirtækisins, tölvukerfi o.fl., hlýpi í tugum milljóna króna og einnig yrði missir framtíðartekna alger.

## 1. Fyrsti kafli frumvarpsdraganna fjallar um gildissvið og orðskýringar.

- a. Athugavert er að í 1. gr. er tiltekið að lögin taki til starfsemi er veitir einstaklingum lán, allt að einni milljón króna.
  - i. Þetta fjárhagsviðmið er ruglandi og alls ekki í samræmi við þá starfsemi hér á landi þar sem lánin eru að hámarki 40.000 krónur.
  - ii. Frumvarpsdrögin virðast taka mið af þessari fjárhæð (milljón krónum) og nota hana til að búa til mikið regluverk sem engin þörf er á þegar horft er til fjárhæða þeirra lána sem eru í boði.
  - iii. Eðlilegt væri að starfsemi þar sem lán fara ekki fram úr t.d. 50.000 krónum væru undanþegin veigamiklum og atvinnuhamlandi ákvæðum frumvarpsdraganna. Væri það mjög til einföldunar.
  - iv. Alger þversögn felst í því að ætla lögunum að taka til „smálánafyrirtækja“ og skilgreina fyrirtækin þannig að þau láni allt að einni milljón króna. Lán að fjárhæð ein milljón króna er ekki smálán og stendur heldur ekki til boða.
  - v. Skilgreiningin er röng og má sjá afleiðingar þeirrar rangfærslu í mörgum ákvæða draganna.

## 2. Annar kafli fjallar um starfsleyfi.

- a. Athugavert er að afla þarf starfsleyfis hjá fjármálaeftirliti vegna starfsemi smálánafyrirtækja, sbr. það sem nefnt er í 1. tl. hér að ofan.
  - i. Hér er einungis um lánastarfsemi að ræða sem felur í sér einfalda samninga á milli viðskiptavinar og smálánafyrirtækja um lágar fjárhæðir.
  - ii. Leggja má starfsemi um svo lágar fjárhæðir að jöfnu við leigu á öðru lausafé en peningum, t.d. bilaleigu, tjaldvagnaleigu, tækjaleigu byggingarvöruverslana o.s.frv. Ekki hefur verið sett sérstök löggjöf um slíka starfsemi þó að augljóslega stefni leigusalar að því að fá meira en andvirði leigumunarins út úr viðskiptunum.
  - iii. Í júní s.l. var það skoðun Efnahags- og viðskiptaráðuneytisins að enginn tilgangur væri með því að gera starfsemiina leyfisskylda og að það samræmdist ekki lögum nr. 161/2002 og tilskipun Evrópusambandsins 2006/48EB um stofnun og rekstur lánastofnana.
  - iv. Leyfisskylda er óþörf og tilgangslaus. Hún myndi leiða til kostnaður er legðist beint á viðskiptavini fyrirtækjanna.



**3. Þriðji kafli frumvarpsdraganna fjallar um stofnun félagsins.**

- a. Í 12. gr. er mælt til að rekstrarform smálánafyrirtækja skuli vera hlutafélag. Vandséð er hvaða rök eru fyrir þessari kröfu og verður að telja það óþarft.
- b. Í 13. gr. kemur skýrt fram sá tilgangur frumvarpsdraganna að útiloka starfsemi þá er drögin fjalla um. Gerð er krafa um lágmarkshlutfé að fjárhæð 1.000.000 evra. Í dag eru þetta um 160.000.000 króna. Það er augljóst að engin rök eru fyrir þessari kröfu.
  - i. Fyrirtækin höndla ekki með fjármuni eða aðrar eignir viðskiptavina sinna. Það er því engin áhætta hjá viðskiptavinum að taka smálán. Áhættan er öll hjá fyrirtækinu sjálfu.
  - ii. Hlutfjárfrafan er í hróplegu ósamræmi við kröfur 14. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, þar sem krafa um fjárhæð hlutfjár fer lækkanði eftir því sem meðhöndlun eigna viðskiptavina fer minnkandi í starfsheimildum fjármálafyrirtækjanna.
    1. Hæst er krafan um hlutfé viðskiptabanka og lánafyrirtækis sem skal að lágmarki nema 5 milljónum evra.
    2. Lægst er krafan á hlutfé verðbréfamiðlunar sem skal að lágmarki nema 50 þúsundum evra.
    3. Þegar horft er til fjármálafyrirtækja er starfsemi smálánafyrirtækja líkust verðbréfamiðlun að því er varðar áhættu viðskiptavina en þó er augljóslega enn minni hjá smálánafyrirtækjum. Hjá smálánafyrirtækjum er ekki um miðlun eða meðhöndlun eigna viðskiptavina að ræða. Sterk rök eru þ.a.l. fyrir því að hlutfé ætti að vera verulega minna en hjá verðbréfamiðlun og augljóst að ómálefnalegt er að krefjast herra hlutfjár en krafist er af verðbréfamiðlun.

**4. Fjórdi kafli frumvarpsdraganna fjallar um starfsemi fyrirtækjanna.**

- a. Í 15. gr. er almennt ákvæði um það að lög um fjarsölu á fjármálaþjónustu og lög um neytendalán taki til starfsemi smálánafyrirtækja.
  1. Hér er komið það ákvæði frumvarpsdraganna er samræmist reglum sem eru að ryðja sér til rúms á Norðurlöndunum.
  2. Lög um neytendalán taka á reglum um upplýsingagjöf o.fl.

3. Lög um fjarsölu á fjármálþjónustu kveða m.a. á um það atriði sem rikust áhersla hefur verið lögð á á Norðurlöndunum eða um rétt til að falla frá fjarsölusamningi.
  4. Með þessum ákvæðum er neytandanum tryggður betri réttur en hann hefur gagnvart bankastofnunum. Óþarft er að ganga lengra.
- b. Í 16. gr. er fjallað um starfshætti. Í 3. mgr. kemur fram að tilgreina skuli á vefsíðu nöfn og hlutfallslegt eignarhald allra þeirra sem eiga 5% eða stærri hlut í fyrirtækinu.
- i. Þetta ákvæði er afar undarlegt svo ekki sé fastara að orði kveðið.
    1. Hér yrði um að ræða strangasta ákvæði í þessa veru í íslenskum lögum og þó víðar væri leitað. Ef starfsemi af þessum toga á yfir höfuð að vera eftirlitsskyld þá ættu tilkynningar um eignaraðild að fara til eftirlitsaðila.
    2. Ekki einu sinni bankar hafa skyldu til að birta upplýsingar um eigendur sína opinberlega.
    3. Ekki verður talið eðlilegt að ganga lengra en að skylda félag til að upplýsa eftirlitsaðila um eignarhald yfir 50%.
- c. Í 17. gr. er fjallað um lánveitingar og hvernig skuli standa að mati á greiðslugetu.
- i. Um mat á greiðslugetu er fjallað í 1.-3. mgr. ákvæðisins. Þau atriði sem þar koma fram eru sum hver sjálfsgöð og eðlileg og í raun nauðsynleg fyrir fyrirtæki til að greina áhættu og takmarka hættu á útlánatöpum. Hins vegar eru líka ákvæði sem leggja óhóflega skyldu á fyrirtækin.
    1. Í 3. tl. er þess krafist að kannaðar verði meðalatvinnutekjur umsækjanda síðustu tólf mánuði. Þetta ákvæði verður að teljast óeðlilegt í ljósi þeirra litlu hagsmuna sem í húfi eru.
      - a. Sjá umfjöllun um l. kafla frumvarpsdraganna um lánaþjárhæðir og ranga skilgreiningu hugtaksins smálánafyrirtæki.
      - b. Öflun upplýsinga um hagi einstaklinga í þessum tilgangi hefur ekki málefnalegar forsendur því hagsmunir eru svo óverulegir. Ákvæðið er því í ósamræmi við megintilgang og innihald laga nr. 77/2003 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
      - c. Með sama hætti mætti skylda alla sem taka einstaklinga í reikningsviðskipti, lána eða leigja lausafjármunir eða fasteignir til að afla sömu upplýsinga og banna

samninga við aðila undir þessum tekjumörkum. Þar eru hagsmunir oft verulega meiri en í smálánum.

d. Ákvæðið felur í sér skerðingu á persónufrelsi.

2. Ákvæði 4. tl. kveður á um að kanna þurfi hvort viðskiptavinur hafi gengið frá samningi um greiðsluáðlögun á síðustu tólf mánuðum.

a. Sömu athugasemdir eiga að mestu við hér og komu fram varðandi 3. tl.

b. Furðulegt verður að teljast að einstaklingar sem svona er ástatt um megi stunda öll önnur viðskipti en þessi eftir að hafa náð samningum um greiðsluáðlögun.

c. Af augljósum aðstæðum fer þetta saman við áhættumat fyrirtækisins og því í raun óþarft. Óskynsamlegt er að eiga lánaviðskipti við einstakling sem svona háttar um og nauðsynlegt er að í opinberum skrám/Lánstrausti komi skilmerkilega fram hverjir hafi lokið við nauðasamning af þessu tagi.

3. Það virðist gleymast við gerð reglna þessa að mjög mikil útlánaáhætta er til staðar í þessari starfsemi og því mikilvægur þáttur í starfseminni að meta getu viðskiptamanna til endurgreiðslu lánanna.

ii. Í 4. mgr. 17. gr. er ákvæði um að ekki megi greiða út lán fyrr en 48 klukkustundir eru liðnar frá samþykkt lánsúmsóknar.

1. Þetta ákvæði heggur beint í stofn starfseminnar þar sem um hraðvirk smálán er að ræða sem nýtist fólki sem þarf að fá smáa fjárhæð að láni með skömmum fyrirvara.

2. Þetta ákvæði eitt og sér kippir rekstargrundvellið undan starfseminni.

3. Á Norðurlöndum eru samkvæmt bestu vitund ekki ákvæði af þessu tagi enda eru þessi lán almennt kölluð SMS lán þar.

iii. Í seinni málslíð 4. mgr. 17. gr. er fjallað um rétt lánþega til að falla frá samningi. Raunhæfum og hófsömum tilgangi frumvarps sem þessa yrði náð með þessu ákvæði einu.

iv. 5. mgr. 17. gr. er álika óraunhæft og skaðlegt og ákvæði fyrri ml. 4. mgr., þar sem það er almennt utan afgreiðslutíma banka og sparisjóða sem fólk þarf á þessari þjónustu að halda.

v. 7. mgr. 17. gr. kveður á um hámarksgjald fyrir gerð samnings 1%.

1. Þetta er afar óraunhæft þar sem samningar eru frá 10.000-50.000 krónur þannig að þetta gjald yrði þannig að hámarki 100-500 krónur.
2. Til samanburðar má geta þess að hjá bönkunum er algengt að lántökugjald sé 2%.
3. Til samanburðar má geta þess að gjald fyrir gerð einföldustu lánasamninga hjá bönkunum er um 4.000 krónur án tillits til fjárhæðar og bætist þessi kostnaður ofan á lántökugjaldið.
4. Hámarksgjaldinu virðist slengt fram án nokkurs rökstuðnings eða könnunar á þeim kostnaði og fyrirhöfn sem að baki liggur, auk eðlilegra tekna af þjónustunni.
5. Samspil vaxta og gjaldsins verður með þessum reglum afar óraunhæft og virðist byggja á þeim misskilningi að allt sem viðskiptavinurinn greiðir ofan á höfuðstólinn séu okurveitir. Það er einmitt ekki þannig enda umtalsverður kostnaður og fyrirhöfn að afgreiða hverja lánsúmsókn. Kostnaðurinn er í formi tölvukerfa og starfsmannahalds auk almenns rekstarkostnaðar.
6. Eðlilegt væri að gjald þetta væri bundið við krónutölu þar sem sami kostnaður er við gerð hvers samnings. Eðlilegt er að slíkt hámark væri nær 4.000 krónunum.

d. 19. gr. fjallar um starfsábyrgðartryggingu.

- i. Vandséð er hver tilgangurinn með slíkri tryggingu er. Þetta er óþarfur kostnaður þar sem ekki er um að ræða sérfræðipjónustu við viðskiptavininn eins og t.d. er háttað hjá fasteignasölum og lögmennum. Hér virðist um nokkurn misskilning að ræða.
- ii. Óþarfur kostnaður af tryggingu sem þessari, leyfisgjalda o.fl. leggst á viðskiptavininn og gerir þjónustuna dýrari fyrir vikið.

5. Fimmti og sjötti kafli frumvarpsdraganna fjallar um eftirlit og viðurlög.


Ákvæði kaflanna eru mun hástemmdari en starfsemin gefur tilefni til.

Eftirlitshlutverkið viðameira en ástæða er til og viðurlögin ekki í samræmi við þá starfsemi sem um ræðir.

6. Almennt má segja um frumvarpsdrögin að þau bera með sér að misskilningur er um eðli þeirrar starfsemi sem þau eiga að taka til.
- a. Sá misskilningur er uppi að lánin geti orðið allt að 1.000.000 króna sem er fjárfri raunveruleikanum. Allur rammi frumvarpsdraganna ber keim af þessum misskilningi og verður ramminn af þeim sökum úr öllu samhengi við raunverulega starfsemi fyrirtækjanna.
  - b. Einfeldasta lausnin og jafnframt hófsamasta er að fylgja fordæmi Norðurlandanna í þessum efnum með því að
    - i. setja hámarksfjárhæð mun neðar en í frumvarpsdrögumum,
    - ii. veita lánþega rétt til að falla frá samningi í samræmi við núverandi ákvæði laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu.
  - c. Ef frumvarpsdrögin verða að lögum í óbreyttri mynd er um að ræða löggjöf sem heftir athafnafrelsi einstaklinga án málefnalegra ástæðna.
  - d. Ef frumvarpsdrögin verða að lögum í óbreyttri mynd er um að ræða löggjöf sem heftir atvinnufrelsi manna án þess að brýn þörf sé á því og engar málefnalegar ástæður að baki.
  - e. Ef frumvarpsdrögin verða að lögum í óbreyttri mynd er um að ræða löggjöf sem skaðar eignir þeirra er þegar hafa hafið starfsemi sem þessa. Fyrirtækin sem um ræðir verða óstarfhæf og verðlaus. Kostnaður sem lagður hefur verið til starfseminnar verður að engu og framtíðartekjur útilokaðar. Til þess að ganga eins langt og gert er í frumvarpinu þarf að huga að því að um stjórnarskrárvarðar eignir er að ræða.
  - f. Vakinn er athygli á því að haft var eftir háttvirtum efnahags- og viðskiptaráðherra í fjölmíðlum, þá félagsmálaráðherra, að stöðva þyrfti starfsemi fyrirtækjanna og virðast frumvarpsdrögin vera í samræmi við það markmið. Staðan sem upp er kominn með birtingu frumvarpsins er því afar óheppileg. Starfsemi sem þessi tíðkast víða um heim eins og hjá frændum okkar á Norðurlöndum og fyrirtækin veita þjónustu sem þúsundir ánægðra viðskiptavina njóta. Í þessum viðskiptum sem öðrum á að treysta á skynsemi einstaklingsins. Vandséð er að útiloka þurfi starfsemi er felur í sér að lána einstaklingum að hámarki 40.000 krónur gegn hóflegu endurgjaldi fyrir þá umsýslu er því fylgir. Varla verður það talið stefna fjárhag einstaklinga í voða að taka raunverulegt smálán.

- g. Grundvallaratriðið hér eins og í öðrum viðskiptum er að báðir aðilar viðskiptasambandsins séu sáttir þegar upp er staðið. Það þýðir að viðskiptavinurinn hefur fengið smálánið þegar hann þurfti á því að halda og greiðir það til baka á réttum tíma. Eins og áður hefur komið fram má líkja þessari starfsemi við leigu lausafjármuna. Hún er ekki ókeypis frekar en þjónusta smálánafyrirtækja.
- h. Ekki má gleyma að á þessum lánamarkaði ríkir samkeppni. Viðskiptavinirnir sækja þangað sem kjörin eru best.

Virðingarfyllt  
f.h. Hraðpeninga ehf.

  
Skorri Rafn Rafnsson, framkvæmdastjóri

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið,  
Sölvhólgötu 7,  
150 Reykjavík.

Kópavogur, 25. nóvember 2010.

Þann 15. nóvember sl. birtist frétt á heimasíðu ráðuneytisins þess efnis að til stæði að leggja fyrir Alþingi frumvarp að lögum um starfsemi smálánafyrirtækja o.fl. Af því tilefni var áhugasömum aðilum gefinn kostur á að koma á framfæri við ráðuneytið athugasemdum við frumvarpsdrögin. Mér hefur verið falið, f.h. Kredia ehf., kt. 610809-0140, að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

#### I.

Rétt er að taka fram í upphafi að afar óheppilegt er að athugasemdir eða rökstuðningur hafi ekki fylgt með frumvarpsdrögunum en það hefði verið eðlilegt þar sem verið er að óska eftir efnislegum athugasemdum við frumvarpsdrögin í heild og/eða tiltekin ákvæði þess. Í ljósi þessa er óhjákvæmilegt að athugasemdirnar geta ekki verið tæmandi, enda útilokað að geta sér til um markmið einstakra ákvæða frumvarpsins.

Eftirfarandi athugasemdir eru settar fram í þeirri röð sem ákvæðin birtast í frumvarpsdrögunum.

#### II.

##### 1. gr.

##### Gildissvið.

*Lög þessi gilda um starfsemi smálánafyrirtækja hér á landi.*

*Með starfsemi smálánafyrirtækja er átt við þá starfsemi sem felst í að kynna, bjóða eða veita einstaklingum lán, allt að einni milljón króna, og án tillits til þess hvemig lánveitingin fer að öðru leyti fram.*

Aðeins tvö fyrirtæki hér á landi falla undir gildissvið fyrirhugaðra laga. Hér er því verið að skilja tvö fyrirtæki frá öllum öðrum lánafyrirtækjum, sem þó veita lán til viðskiptavina sinna upp að einni milljón króna. Aðgreining milli svokallaðra smálánafyrirtækja og allra annarra fyrirtækja, sem veita sömu þjónustu, fær vart staðist.

Þá skýtur það skökku við að lögin, sem sett eru til höfuðs tveimur fyrirtækjum, skulu kveða á um lán að fjárhæð allt að einni milljón króna. Þessi fjárhæð er í engu samhengi við fjárhæð þeirra lána sem smálánafyrirtækin veita í dag. Veita má fyrir sér þeim möguleika að sundurliða smálánafyrirtæki sérstaklega og setja þeim misströng lagafyrirmæli eftir hámarki lánsfjárhæða. Augljóst mál er að fyrirtæki sem lána viðskiptavinum sínum kr. 1.000.000,- er betur í stakk búið til að standa undir þeim þóknunar- og vaxtatakmörkunum sem fram koma í IV. kafla frumvarpsins

4. gr.

*Starfsemi undanþegin lögnum.*

*Lög þessi taka ekki til útlána lánastofnana skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.*

Ekki verður séð að jafnræðis sé gætt milli lánafyrirtækja með þessu ákvæði. Öll lánafyrirtæki veita lán til einstaklinga undir einni milljón króna og þau mega halda áfram að gera það á allt öðrum kjörum en smálánafyrirtæki, þar sem ákvæði laganna ná ekki til annarra aðila en smálánafyrirtækja.

5. gr.

*Starfsleyfisveitandi.*

*Fjármálaeftirlitð veitir smálánafyrirtæki starfsleyfi samkvæmt lögum þessum og er öðrum en þeim sem hlotið hafa slíkt starfsleyfi óheimilt að kynna, bjóða eða veita smálán. Smálánafyrirtæki er heimilt að hefja starfsemi þegar starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins hefur verið veitt.*

*Ágreiningur um það hvort starfsemi falli undir ákvæði laga þessara skal borðinn undir stjórn Fjármálaeftirlitsins. Niðurstaða hennar er endanleg á stjórnsýsluálagi.*

Í ljósi þess að smálánafyrirtæki veita viðskiptavinum sínum lán fyrir mjög lágum fjárhæðum er erfitt að sjá að þörf sé á því að starfsemin skuli vera leyfiskyld með þeim hætti sem kveðið er á um og að hún lúti því stranga eftirliti sem önnur fjármálafyrirtæki lúta. Hámarksfjárhæð hvers láns er kr. 40.000,- en í dag getur fólk auðveldlega skuldbundið sig með mun ríkari hætti og fyrir umtalsvert hærri fjárhæð hjá fyrirtækjum með því t.d. að versla vörur eða þjónustu í reikning (kredit).

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki eru þau félög leyfisskyld sem m.a. stunda útlánastarfsemi sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi. Þessu er ekki til að dreifa í tilvikum umbj. míns þar sem félagið fjármagnar sín útlán alfarið með eigin fé. Því eiga röksemdir fyrir leyfiskyldri starfsemi fjármálafyrirtækja, að þessu leyti, ekki við um smálánafyrirtæki.

Eðlilegra væri, ef starfsemin skal á annað borð vera undir eftirliti opinberra aðila, að farið sé að fordæmi Finnlands, Svíðþjóðar og Danmörku þar sem eftirlit smálánafyrirtækja heyrir undir Neytendastofu.

6. gr.

*Umsókn.*

*Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg og henni skulu fylgja:*

1. Nafn, kennitala, hlutafé og lögheimili umsækjanda.
2. Samþykktir umsækjanda.
3. Upplýsingar um starfsskipulag þar sem m.a. komi fram upplýsingar um hvernig fyrirhugaðri starfsemi verði sinnt.
4. Upplýsingar um innra skipulag fyrirtækisins, þ.m.t. eftirlits- og starfsreglur.
5. Viðskipta- og rekstraráætlun þar sem m.a. komi fram fyrirhugaður vöxtur og uppbygging eigin fjár.
6. Upplýsingar um stofnendur og hluthafa, sbr. VI. kafla laga um fjármálafyrirtæki.
7. Upplýsingar um stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur.
8. Staðfesting endurskoðanda á innborgun hlutafjár.
9. Upplýsingar um náin tengsl fyrirtækisins við einstaklinga eða lögaðila, sbr. 18. gr. laga um fjármálafyrirtæki.
10. Allar aðrar viðeigandi upplýsingar sem Fjármálaeftirlitð ákveður.



Hér eru alltof miklar skyldur lagðar á fyrirtæki sem sinna afar einfaldri þjónustu, sem er í engu samræmi við þá þjónustu sem önnur fjármálafyrirtæki veita. Nægjanlegt er að smálánafyrirtæki fylgi þeim kröfum sem gerðar eru almennt til þess félagaforms sem félagið tilheyrir.

*12. gr.*

*Rekstrarform.*

*Smálánafyrirtæki skal starfa sem hlutafélag.*

*Um elgnarhluti í smálánafyrirtæki fer skv. VI. kafla laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.*

*Um ársreikning, endurskoðun og samstæðureikningskil smálánafyrirtækis fer skv. XI. kafla laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, eftir því sem við á.*

Að mati umbj. míns eru engin rök fyrir því að félagið þurfi að vera hlutafélag og geti ekki haft önnur félagaform. Líkt og áður hefur verið vikið að þá er rekstur smálánafyrirtækja með afar einföldu sniði og einskorðast þjónustan við að veita smálán með skömmum fyrirvara til skamms tíma. Þá eru öll útlán félagsins fjármögnuð með eigin fé. Þetta ákvæði helst í hendur við 13. gr. frumvarpsins, sem vikið verður að síðar, en í dag má benda á að hlutafé umbj. míns er kr. 10.000.000,-.

*13. gr.*

*Hlutafé.*

*Hlutafé smálánafyrirtækis skal að lágmarki nema 1 milljón evra.*

*Sé hlutafé skráð í íslenskum krónum skal miða við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni.*

*Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur samkvæmt þessari grein.*

Hlutaféð er að mati umbj. míns alltof mikið og í engu samræmi við starfsemina sem stunduð er. Ákvæðinu virðist vera ætlað það hlutverk að útrýma smálánafyrirtækjum eða gera nýjum félögum ókleift að hefja starfsemi. Er það í samræmi við þann ásetning sem vakti fyrir efnahags- og viðskiptaráðherra í ársbyrjun (þá félagsmálaráðherra). Það er fráleitt að ætla smálánafyrirtækjum að hafa hlutafé sem er að lágmarki kr. 160.000.000,- á núverandi gengi. Útilokað er að sjá hvaða röksemdir búa að baki slíkrí kröfu því öll áhætta sem tengist rekstri smálánafyrirtækja er hjá eigendum þeirra en ekki hjá viðskiptavinum. Viðskiptavinir félagsins geta ekki orðið fyrir tjóni vegna starfsemi smálánafyrirtækja, a.m.k. getur slíkt tjón aldrei numið verulegri fjárhæð í ljósi hámarksfjárhæðar útlána.

Sömu kröfur um lágmarkshlutafé eru gerðar hér og til sparisjóða sem taka við innlánum, veita útlán sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi, gefa út greiðslukort og annast útgáfu og umsýslu rafeyris, sbr. 3. mgr. 14. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Starfsemi smálánafyrirtækja er í grundvallaratriðum frábrugðin starfsemi sparisjóða og má þar nefna að smálánafyrirtæki annast ekki umsýslu neinna fjármuna eða eigna sinna viðskiptavina. Það er því útilokað að sjá hvers vegna sömu kröfur eru gerðar til lágmarkshlutafjár í báðum tilvikum. Hér skai einnig bent á það að sambærilegar kröfur til hlutafjár eru ekki gerðar til annarra fyrirtækja sem lána eða leigja út lausafjármuni.

17. gr.

Lánveitingar.

Áður en smálánafyrirtæki veitir viðskiptamanni lán skal það láta fara fram mat á greiðslugetu viðkomandi og skjalfesta niðurstöður þess.

Ekki er heimilt að velta lán til viðskiptamanns sem:

1. er ölögráða,
2. ekki er fjár síns ráðandi,
3. hefur meðalatvinnutekjur síðast liðna tólf mánuði undir lægstu atvinnuleysisbótum,
4. gengið hefur frá samningi um sértæka skuldaaðlögun á síðustu tólf mánuðum, samkvæmt samkomulagi um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun á grundvelli laga um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins,
5. hefur hafið greiðsluaðlögunarumleitun eða lokið samningi um greiðsluaðlögun samkvæmt lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga eða nauðasamningi til greiðsluaðlögunar samkvæmt X. kafla a. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Mat á greiðslugetu skal endurskoðað reglulega og elgi sjaldnar en á sex mánaða fresti. Smálánafyrirtæki er heimilt að taka gjald fyrir gerð slíks mats. Gjaldið má hæst nema 1% af lánsfjárhæð fyrsta lánsammans sem gerður er á milli smálánafyrirtækis og viðskiptamanns eftir gerð matsins.

Óheimilt er að greiða út lán til viðskiptamanns fyrr en 48 klukkustundir eru liðnar frá samþykkt lánsúmsóknar. Um rétt lánþega til að falla frá samningi fer eftir ákvæðum laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu.

Móttaka og afgreiðsla úmsókna um smálán er heimil frá kl. 9:00 til kl. 17:00 hvem virkan dag. Virkir dagar teljast mánudagar til laugardaga, nema þeir dagar sem bera upp á almennan frídag.

Um vaxtakjör smálána fer skv. 4. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Auk vaxta er smálánafyrirtæki heimilt að taka gjald fyrir kostnað við gerð lánsammans. Gjaldið má hæst nema 1% af lánsfjárhæð samnings.

Ákvæði um skyldu til greiðslumats í íslenskum lögum, þegar ekki er um persónulega ábyrgð annars einstaklings að ræða, er einungis að finna í 18. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál. Þá er einnig að finna ákvæði um skyldu til greiðslumats í lögum nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn. Að öðru leyti er ekki að finna skylduákvæði í lögum um greiðslumat lánastofnana. Í ljósi þess að engin skylda hvílir á fjármálaafyrirtækjum til að meta greiðslugetu viðskiptavina sinna þegar lán eru veitt án ábyrgðar þriðja aðila, verður það að teljast afar sérkennilegt að hér skuli smálánafyrirtæki skylduð til slíkra rannsókna. Þetta er sérstaklega einkennilegt í ljósi þess að smálánafyrirtækin veita ekki hærri lán en að fjárhæð kr. 40.000,-. Til samanburðar mega fjármálaafyrirtæki lána viðskiptavininum sínum hvaða fjárhæð sem er án undangengins greiðslumats. Það er eðlilegt að lánafyrirtæki meti greiðslugetu lántakenda þar sem öil útlánaáhættan er hjá fyrirtækinu sjálfu. Algjör óþarfi er að kveða á um slíka skyldu í lögum og ekki verður séð að það standist lög að gera sérstakan greinarmun á smálánafyrirtækjum og fjármálaafyrirtækjum að þessu leyti.

Ekki er kveðið á um það í lögnum hvornig framkvæmd greiðslumats á að fara fram þó kveðið sé á um skyldu smálánafyrirtækis að rannsaka tekjur væntanlegra lántakenda síðustu 12 mánuði, með hlíðsjón af atvinnuleysisbótum. Slík skylda hlýtur að teljast full rík, svo ekki sé fastar að orði kveðið, og alls óvíst hvort að slík rannsóknarskylda og skráning á niðurstöðum greiðslumatsins samræmist ákvæðum laga um persónuvernd, án sérstaks leyfis. Það skal einnig áreittað að lánveitingar eru frá kr. 10.000,- til 40.000,-. Velta má fyrir sér tilgangi þess að rannsaka tekjur og útgjöld viðskiptavinar síðustu 12 mánuði þegar einungis er óskað eftir láni að fjárhæð kr. 10.000,-, sem ber að endurgreiða innan 15 daga frá lánveitingu. Útkoma greiðslumats þarf að vera virkilega slæm fyrir viðskiptavininn svo hún sýni fram á að hann geti ekki endurgreitt slíka lánsfjárhæð og verður að teljast afar ólíklegt að slík niðurstaða fálst.

Óþarfi er að setja í lög ákvæði þess efnis að ekki megi veita ólögráða einstaklingum lán. Þá er einnig óþarft að lögfesta bann við lánveitingum til ófjárráða einstaklinga.

Ekki verður séð að ákvæði um bann við lánveitingu til einstaklings sem hefur meðaltekjur undir lægstu atvinnuleysisbótum, standist lög. Slíkt ákvæði felur í sér grófa atlögu að persónufrelsi fullorðinna einstaklinga sem að öllu leyti teljast færir um að ráða sínum persónulegu högum, þ.m.t. fjármálum sínum. Af hverju er verið að útiloka þennan þjóðfélagshóp frá því að taka smálán á sama tíma og honum er frjálst að skuldbinda sig með öðrum hætti, t.a.m. hjá fjármálafyrirtækjum? Ef rökin fyrir þessu eru þau að eintaklingar þessa hóps teljast ekki borgunarmenn skulda sinna þá væri nær að leggja blátt bann við öllum lánveitingum til þeirra en út í þá sálma verður ekki farið hér.

Sú fyrirhöfn sem verið er að skylda smálánafyrirtæki til að takast á hendur við framkvæmd greiðslumata, þegar fjárhæðir lána eru ekki hærrí en raun ber vitni, verður að teljast alltof mikil og íþyngjandi. Þá er sú fjárhæð sem smálánafyrirtækjum er heimilt að taka fyrir slíkt greiðslumat í engu samræmi við þá vinnu sem fer fram við slíkt mat og getur því aldrei staðið undir kostnaði. M.t.t. eðli smálánafyrirtækja og þeirra hagsmuna sem í húfi eru, verður að telja þetta ákvæði hreina firru.

Ekki liggja fyrir almennar upplýsingar um það hvaða einstaklingar hafa gengið frá samningi um sértæka skuldaaðlögun eða farið í gegnum greiðsluaðlögun. Samkvæmt bestu vitund umbj. míns er skráning og söfnun slíkra upplýsinga óheimil og því útilokað fyrir smálánafyrirtæki að ganga úr skugga um þessi atriði.

Helstu einkenni smálána eru að þau eru lág og afgreidd hratt. Það er grundvöllur starfseminnar. Krafa um 48 kist. biðtíma á afgreiðslu lána fæst ekki staðist enda gengur hún alltof langt. Sömu sjónarmið eiga við um fyrirhugaðan afgreiðslutíma lánanna skv. frumvarpinu. Á það skal bent að einstaklingur getur í dag fengið afgreitt yfirdráttarlán hjá fjármálafyrirtæki með afar lítilli fyrirhöfn og með litlum sem engum biðtíma. Hægt er að sækja um yfirdráttarlán í gegnum síma og í heimabanka, hvenær sólarhringsins sem er. Ekki verður annað séð en að ákvæðið feli í sér augljósa mismunun milli fjármálafyrirtækja og smálánafyrirtækja að þessu leyti.

Að mati umbj. míns væri eðlilegra að ákvæðið myndi fela í sér að einstaklingur geti einungis skráð sig í viðskipti við smálánafyrirtæki á umræddum tíma en hann gæti engu að síður fengið afgreiðslu hvenær sem er.

Þá er gerð athugasemd við það að smálánafyrirtækjum skuli vera gert skylt að veita lán með vöxtum skv. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu á sama tíma og öðrum fjármálafyrirtækjum er heimilt að notast við aðra vexti vegna sinna útlána. Í lögum nr. 121/1994 um neytendalán segir t.a.m. í b. lið 3. gr. að í samningi um yfirdráttarheimild af tékkareikningi skuli neytanda í upphafi slíkra viðskipta veittar upplýsingar um vexti af láninu og hvaða gjöld falli á lánlið frá þeim tíma er gengið er frá samningnum, svo og við hvaða skilyrði megi breyta þeim. Í tilvitnuðu ákvæði er ekkert kveðið frekar á um fjárhæð vaxta eða því um líkt. Enginn munur er á smálánum smálánafyrirtækja og yfirdráttarláni sem er að lægri

fjárhæð en kr. 1.000.000,- og því augljóst að ákvæði frumvarpsins felur í sér mismunun milli fjármálafyrirtækja og smálánafyrirtækja.

Loks skal bent á það að heimiluð gjaldtaka vegna gerð lánasamnings er fráleit. Starfandi smálánafyrirtæki á Íslandi lána að hámarki kr. 40.000,- sem leiðir til þess að gjaldtakan má að hámarki vera kr. 400,-. Til samanburðar má nefna að fjármálafyrirtæki taka sérstakt lántökugjald sem yfirleitt er 2% af lánsfjárhæð og þar fyrir utan leggst ofan á sérstakt gjald fyrir gerð lánasamnings, að lágmarki kr. 4.000,-.

Samkvæmt frumvarpinu mega smálánafyrirtæki ekki taka meira en kr. 400,- fyrir gerð greiðslumats, þau verða að leggja aðra og lægri vexti á útlán sín en önnur lánaafyrirtæki og þau mega ekki taka hærra gjald en kr. 400,- fyrir gerð lánasamninga. Það er augljóst að með þessum ströngu fyrirmæium verður enginn grundvöllur fyrir rekstri smálánafyrirtækja á Íslandi.

Þess má geta að enginn er þvingaður til að taka smálán. Lánin standa einstaklingum til boða á góðum kjörum og hefur eftirspurn viðskiptavina ekki látið á sér standa. Á smálánamarkaði í dag ríkir samkeppni og fyrirtækin reyna að bjóða þjónustu sína á sem lægstu verði. Á endanum snýst þetta um val viðskiptavinarins. Ef hann telur að of hátt gjald leggst ofan á lánsfjárhæðina þá velur hann einfaldlega ekki þann kost að taka smálán.

*19. gr.*

*Starfsábyrgðartrygging.*

*Smálánafyrirtæki er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagsljóns sem leitt getur af gáleysi í störfum þess eða starfsmanna þess. Slík trygging getur verið vátrygging tekin hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi eða önnur trygging jafngild að mati Fjármálaeftirlitsins. Nánari ákvæði um gildissvið vátryggingarinnar, þ.m.t. vátryggingarfjárhæðir, skal setja í reglugerð.*

*Smálánafyrirtæki skal senda Fjármálaeftirlitinu staðfestingu á endumýjun starfsábyrgðartryggingar.*

Í ljósi þess að vandséð er hvernig viðskiptavinir smálánafyrirtækja geta orðið fyrir tjóni vegna viðskipta sinna við fyrirtækin, verður það að teljast örökrétt að kveða á um skyldu fyrirtækjanna til kaupa á starfsábyrgðartryggingu. Smálánafyrirtæki stunda ekki eignaumsýslu fyrir viðskiptavinum sínum, stunda ekki innlánaviðskipti, veita ekki fjármálaráðgjöf og taka aldrei við fjármunum frá viðskiptavinum sínum, nema í formi endurgreiðslu útlána. Fyrirtækjum sem leigja út eða lána lausafjármuni er ekki skylt að hafa starfsábyrgðartryggingu. Sömu sjónarmið ættu að eiga við um smálánafyrirtæki.

*28. gr.*

*Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með slóðari breytingum:*

*Nýr tölulíður. bætist við 1. mgr. 5. gr. svohljóðandi: Smálánafyrirtæki skulu greiða fastagjald sem nemur 600.000 kr.*

Með vísan til þeirra takmörkuðu starfsemi sem smálánafyrirtæki stunda í dag verður að telja gjaldið úr hófi.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

*Smálánafyrirtæki sem starfa hér á landi við gildistöku þessara laga skulu þegar í stað grípa til viðeigandi ráðstafana til að uppfylla skilyrði laga þessara og skulu uppfylla þau eigi síðar en þremur mánuðum frá gildistöku þeirra.*

Um er að ræða of skamman aðlögunartíma. Verði frumvarpsdrögin að lögum í óbreyttri mynd er ljóst að smálánafyrirtæki þurfa að ganga í gegnum grundvallarbreytingar á sinni starfsemi. Þrjú mánuðir er einfaldlega of skammur tíma til að bregðast við með viðeigandi hætti.

### III.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir helstu athugasemdum og spurningum sem vakna við yfirferð frumvarps til laga um smálánafyrirtæki. Það skal aftur tekið fram að ráðuneytið hefur eingöngu gert lagafrumvarpið sjálfstæð og greinargerð með frumvarplnu hefur ekki verið gerð opinber. Liggur því ekkert fyrir um rökstuðning fyrir efni lagaákvæðanna og vakna því margar spurningar við yfirferðina.

Hvað varðar almennt löggjöf um smálán þá hlýtur málið að snúast fyrst og fremst um að umgjörð við lánveitingu þessara lána lúti þeim reglum sem gilda varðandi neytendavernd og uppfylli allar þær kröfur sem gerðar eru á þeim grundvelli til starfseminnar. Ljóst er að starfseminni hefur þegar verið settur rammi þar sem í gildi eru lög nr. 33/2005 um fjarsölu á fjármálaþjónustu og lög nr. 121/1994 um neytendalán.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið svaraði fyrirspurn Neytendasamtakanna frá 29. desember 2009, varðandi smálán, með bréfi, dags. 15. júní 2010. Þar benti ráðuneytið á að þau fyrirtæki sem bjóða upp á smálán falli undir lög um fjarsölu á fjármálaþjónustu nr. 33/2005 og eins þá staðreynd að smálán eru ekki fjármögnuð með sama hætti og útlán hjá leyfisskyldum fjármálaþjónustum, þ.e. með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi.

Tilgangur með setningu laga nr. 33/2005 var að innleiða í íslensk lög ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/65/EB frá 23. september 2002 um fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 33/2005 segir að tilgangurinn með tilskipuninni um fjarsölu á fjármálaþjónustu sé að samræma löggjöf og reglur um fjarsölu á fjármálaþjónustu til neytenda. Jafnframt sé tilskipuninni ætlað að styrkja innri markaðinn og auka neytendavernd.

Kröfurnar sem gerðar eru til þjónustuveitanda samkvæmt tilskipuninni eru margs konar. Þær formkröfur eru gerðar til upplýsinganna að þær skuli greina nafn og heimilisfang þjónustuveitanda, lýsa helstu einkennum þeirrar fjármálaþjónustu sem í boði er, verð, möguleika til að falla frá samningi, skilyrði fyrir því og upphæð sem neytandi gæti þurft að greiða ef hann nýtir rétt sinn til að falla frá samningi. Umbj. minn hefur uppfyllt skyldur samkvæmt lögum nr. 33/2005 með þeim skilmálum sem fyrirtækið kynnir fyrir væntanlegum viðskiptavinum.

Samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálaþjónustu er veiting útlána sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi leyfisskyld starfsemi. Smálán eru ekki fjármögnuð með þeim hætti og því vandséð hvaða rök standa til þess að fella þau fyrirtæki sem eingöngu starfa á þeim vettvangi að veita slík lán undir ákvæði laga nr. 161/2002 og

setja þeim sömu eða sambærileg skilyrði og öðrum fjármálafyrirtækjum sem af framangreindum ástæðum eru starfsleyfisskyld.

Í þessu sambandi er jafnframt nauðsynlegt að líta til ákvæða 3. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki varðandi eðli þeirrar starfsemi sem er annars vegar starfsleyfisskyld, sbr. 1. mgr. 3. gr. og hins vegar eðli þeirrar starfsemi sem ekki fellur undir þá skyldu, sbr. 3. mgr. 3. gr.

Líkt og að framan greinir var það álit ráðuneytisins þann 15. júní sl. að starfsemi smálánafyrirtækja stæðist gildandi lög og væri í samræmi við regluverk Evrópusambandsins. Með framlagningu frumvarpsdraganna virðist því hafa átt sér stað alger viðsnúningur í viðhorfi ráðuneytisins til starfseminnar.

Þann 8. febrúar 2010 voru eftirfarandi ummæli höfð eftir Árni Páli Árnasyni, þáverandi félagsmálaráðherra, í fréttum Ríkisútvarpsins þegar hann var spurður út í starfsemi smálánafyrirtækja:

*„Þetta er starfsemi sem é ekki að líðast, hefur ekkert samfélagslegt gildi og ég held það skipti okkur miklu máli að finna leiðir til að stöðva þennan ófögnuð eins fljótt og við getum“<sup>1</sup>*

Í dag gegnir Árni Páll Árnason embætti efnahags- og viðskiptaráðherra og liggja umrædd drög að frumvarpi til laga um starfsemi smálánafyrirtækja fyrir hjá ráðuneyti hans. Af lestri frumvarpsdraganna má sjá að ráðherrann er að fylgja eftir hótun sinni. Frumvarpið í heild ber með sér einn megin tilgang: að stöðva „ófögnuðinn“. Í besta falli fela frumvarpsdrögin í sér grundvallarmisskiining á þeirri starfsemi sem smálánafyrirtæki stunda. A.m.k. verður ekki séð að tilgangur frumvarpsins einskorðist við neytendavernd. Hvar sem fæti er drepið niður í frumvarpinu má finna ákvæði sem útiloka áframhaldandi rekstrargrundvöll smálánafyrirtækja. Með frumvarpinu er ráðist með beinum hætti gegn atvinnufrelsisákvæði 75. gr. stjórnarskrárinnar án þess að almannahagsmunir krefjist þess. Í þessu sambandi er rétt að líteka að lántakendur geta ekki bakað sér ríkari skuldbindingu en sem nemur kr. 49.250,- á hverjum tíma. Þetta hljóta að teljast óverulegir fjármunir, hvernig sem á málið er lítið.

Umbj. minn hefur fram að þessu rekið mjög ábyrga lánastefnu sem byggir á því að fyrsta lán viðskiptavinar getur ekki verið að hærri fjárhæð en kr. 10.000,-. Þá getur viðskiptavinurinn ekki tekið annað lán til að greiða upp fyrsta lánið. Heildarskuldbinding viðskiptavinar getur því aldrei verið mikil á hverju tímabili.

Ef frumvarpið verður að lögum í óbreyttri mynd er öruggt mál að starfsemi umbj. míns mun leggjast af og á það væntanlega einnig við um Hraðpeninga ehf. Þetta mun að sjálfsögðu hafa í för með sér umtalsvert tjón fyrir bæði fyrirtækin, sem nú hafa starfað um þó nokkurt skeið við góðar undirtektir viðskiptavina sinna. Hjá því verður ekki komist að umbj. minn mun leita réttar síns fyrir dómstólum vegna lagasetningarinnar og þess tjóns sem fyrirsjáanlegt er að félagið muni verða fyrir vegna hennar.

<sup>1</sup> Sjá <http://www.ruv.is/frett/vill-stodva-sms-lanastarfsemi>.

Nánari upplýsingar um starfsemi Kredia má finna á heimasíðu félagsins, [www.kredia.is](http://www.kredia.is).

Virðingarfyllt,  
f.h. Kredia ehf.

*Haukur Örn Birgisson*  
Haukur Örn Birgisson hdl.





Reykjavík  
3. maí 2011

# Mikil og hröð skuldsetning

Höfundur:  
Jens Ívar Jóhannuson Albertsson  
Uppeldis- og menntunarfræðingur

## Ágrip

Þessi skýrsla reynir að svara spurningunni: „Til hversu hárra skulda getur ungur einstaklingur stofnað og á hve stuttum tíma?“ Aðferðafræðin er aðallega eigindleg og eitt tilvik skapað þar sem einstaklingur er sendur út af örkinni til þess sérstaklega að reyna að fá fyrirgreiðslur. Einstaklingurinn kom sér í 540 þúsund króna skuld á 4 virkum dögum hjá fjórum fyrirtækjum. Kreditkort var aðalhlápartækið en með því sköpuðust 60% skuldanna, 4% skuldanna voru smálán.

## Inngangur

Lánastarfsemi hefur verið í sviðsljósinu síðastliðin ár. Bankahrun og hegðun íslensku bankanna fyrir hrun hefur verið helsta ástæða þess. Smálánafyrirtæki hófu að veita smálán á íslenskum markaði árið 2009. Slík lán eru veitt víða um Evrópu og Norður-Ameríku og hafa þau verið gagnrýnd. Gagnrýnin hefur einna helst beinst að siðferðilegum þáttum og því að einstaklingar geti steipt sér í miklar skuldir. Háum kostnaði hefur líka verið teft fram. Þessari skýrslu er ætlað að svara einni spurningu: „Til hversu hárra skulda getur ungur einstaklingur stofnað og á hve stuttum tíma?“ Þetta er tilvikskönnun, skoðað er eitt tilvik og reynt að láta einstakling stofna til skulda á skömmum tíma.

## Hugmyndafræði

Stuðst var við eigindlega rannsóknaraðferð sem leitast við að skýra eitt tiltekið viðgangsefni. Hugmyndafræðin gengur út á að lýsa og túlka félagslegar aðstæður fólks eins og unnt er. Ekki er reynt að finna út einhverja reglu heldur er tilgangurinn að skilja veruleika fólks. Ýmsar aðferðir eru innan eigindlegra rannsóknaraðferða en í þessari rannsókn eru aðallega notaðar þátttökuathuganir sem ganga út að fylgjast með og túlka ákveðnar athafnir.

## Siðferðileg álitamál

Að athuga hvernig ung manneskja getur stofnað til skulda er vafið miklum siðferðilegum álitamálum. Viðfangsefnið, unga manneskjan sem tekur þátt, getur lent í vandræðum seinna meir vegna þeirra lána sem stofnað var til. Hið sama má segja um fyrirgreiðslur framtíðarinnar. Til að koma veg fyrir slíkt hefur verið gerður samningur við viðkomandi þar sem tryggt er að allur kostnaður vegna rannsóknarinnar verður greiddur af rannsakendum. Lánasamningar sem gerðir eru verða greiddir að fullu um leið og rannsókn lýkur. Viss blekking á sér stað þegar sótt er um lánasamninga. Það er til dæmis ekki ætlun

rannsakenda að byggja upp samband við þau fyrirtæki sem þjónusta er sótt til. Ekki er heldur ætlunin að kaupa þá bifreið sem viðkomandi skoðaði möguleika á að kaupa. Til að koma í veg fyrir þann skaða sem mögulega getur hlotist af þessum þætti er ekki reynt að draga upp tálmynd eða segja lygi. Athugað verður frekar hvort starfsreglur styði þá þjónustu sem beðið er um.

## Framkvæmd rannsókna

19 ára gömul stúlka (Sigga) sem er að klára menntaskóla var fengin til að taka þátt í rannsókninni. Hún var ekki með nein lán á sínu nafni, borgar alltaf reikninga á réttum tíma og er eigandi bifreiðar sem hún fékk að gjöf. Hún var ekki með símanúmer á sínu nafni. Sigga hafði samband við nokkrar fjármálastofnanir til að fá fyrirreiðslu, yfirdrátt og kreditkort. Athugað var hvort Sigga gæti fengið fyrirreiðslu án þess að hafa kreditkort. Þegar hún hafði fengið kreditkort var athugað hvort að hægt væri að fá fyrirreiðslu hjá símafyrirtækjum og raftækjaverslunum. Síðan var kannað hvort mögulegt væri að fá bílalán með því að nota peninginn sem Sigga hafði fengið með lánum frá banka (yfirdrátt og kreditkort).

## Niðurstöður

Í töflu 1 má sjá niðurstöður fyrirspurna um fyrirreiðslur.

Nafn á fyrirtæki	Kreditkort	Yfirdráttur á debetkorti	Annað
Landsbanki	Já - 100.000 heimild	Já - 200.000 heimild	Viðskiptabanki
MP-Banki	Nei	Nei	Skýring gefin
Arion banki	Nei	?	
Glitnir	?	?	Ekki komið svar
S24	Nei	Nei	Flókið umsóknarferli
Byr	?	?	
American Express	?	Á ekki við	
Borgun	Já - 250.000	Á ekki við	Er bara fyrir raðgreiðslu-samninga
Kredia	Á ekki við	10.000 smálán	
Hraðpeningar	Á ekki við	10.000 smálán	

### Tafla 1. Yfirlit yfir fyrirgreiðslur

Landsbankinn er viðskiptabanki Siggu og var sótt um yfirdrátt og kreditkort. Umsóknin var gerð um hádegi og klukkan tvö fékkst jákvætt svar við 100 þúsund króna yfirdrætti út sumarið. Haft var samband við bankann og beðið um hækkun á yfirdrættinum, eða upp í 200 þúsund, það var samþykkt. Næsta virka dag kom orðsending frá bankanum um að umsókn um kreditkort væri samþykkt með 100 þúsund króna heimild.

Arion banki gaf neikvætt svar um kreditkort, svarið barst daginn eftir.

Umsóknarferli s24 var ítarlegast og flókið, miðað við hina bankanna. Þar var til dæmis spurt hversu lengi viðkomandi hefði búið í sama húsnæði. Hjá s24 var beðið um 500 þúsund króna heimild. Svarið við fyrirspurninni kom 15 mínútum seinna og var það neikvætt. Send var önnur fyrirspurn þar sem beðið var um iægri heimild eða 100 þúsund. Svarið barst daginn eftir, enn neikvætt.

MP-banki svaraði fyrirspurninni strax daginn eftir og var svarið neikvætt á þeirri forsendu að engin reynsla væri kominn á viðskiptin en það væri mögulegt að skoða lán eftir einhvern tíma.

Glitnir, Byr og American Express hafa ekki svarað fyrirspurnum þegar þessi orð eru rituð (6 virkum dögum eftir að umsóknum var skilað inn).

Það var ekki hægt að fá fyrirgreiðslur eða lán án kreditkorts, reynt var hjá símafyrirtækjum og raftækjaverslunum.

Kreditkortíð var komið í hendurnar á Siggu 4 virkum dögum eftir að beðið var um það. Þá var strax athugað með raðgreiðslusamninga. Byrjað var á Vodafone og gerður samningur til eins árs með kaupum á iPhone 4 (sjá fylgiskjöl). Það gekk snurðulaust fyrir sig. Reynt var að gera slíkt hið sama hjá Símanum og Nova. Þar gekk það ekki eftir og var ástæðan sögð sú að ekki væri heimild á kortinu. Hringt var í bankann og spurt hvers vegna. Bankinn sagði ástæðuna ekki vera heimildina heldur væru kaupin stöðvuð af Borgun, kortafyrirtækinu. Þeir hafa þá reglu að lána ekki nema 250 þúsund krónur í raðgreiðslur. Sigga fór í raftækjaverslun og keypti vörur fyrir 80 þúsund krónur án allra vandkvæða (sjá fylgiskjöl).

Þá fann Sigga bifreið, Nissan Micra, og kannaði hvort hægt væri að kaupa hana með lánafyrirgreiðslum. Þar sem Sigga var búin að fá fyrirgreiðslu hjá bönkum upp á 300 þúsund (200 þúsund í yfirdrátt og 100 þúsund á kreditkorti), var sú upphæð notuð sem möguleg útborgun. Umboðið hafði samband við bankann og vegna þess að einstaklingurinn var undir 25 ára aldri þurfti að koma með 3 launaseðla og FE eyðublað (lánayfirlit með vottum, sjá fylgiskjöl).

Sigga sótti um smálán hjá Kredia og Hraðþeningum. Eftir skráningu á heimasíðu

fyrirtækjanna fékk hún 10 þúsund krónur frá hvoru fyrirtæki, það tók hana rúmar 10 mínútur.

Lánveitandi	Hvernig	Upphæð
Landsbanki	Yfirdráttur	200.000
Borgun	Kreditkort	100.000
Vodafone	Raðgreiðslusamningur	142.990
Skífan	Raðgreiðslusamningur	82.108
Kredia	Smálán	10.000
Hraðpeningar	Smálán	10.000


Tafla 2. Samantekt á lánum

Ef lán fara í vanskil fer af stað ferli sem er mismunandi eftir fyrirtækjum. Lögfræðingar og tilheyrandi kostnaðarauki fylgir óhjákvæmilega með. En einstök krafa er ekki birt á Vanskliaskrá LT nema upphæð upprunalegrar skuldar sé yfir 40 þúsund.

## Ályktanir

Á 3 klukkustundum tókst Siggu að fá 220 þúsund króna fyrirgreiðslu í gegnum síma og fékk vilyrði fyrir kreditkort. Yfirdrátturinn kom frá viðskiptabanka hennar og því má ganga út frá að reynsla hafi verið komin á viðskipti við hana.


Hálfum degi eftir að Sigga fékk kreditkortid í hendurnar var komin 200 þúsund króna skuld og hún búin að gera samning um áskrift hjá símafyrirtæki og þá er auðvelt að fá háan símareikning. Ásamt því getur einstaklingur stofnað til viðskipta og gert fjárhagslegar skuldbindingar á mörgum stöðum, s.s. með áskrift að tímaritum, sjónvarpi o.s.frv. Ef gengið er út frá því að Sigga muni ekki greiða neina reikninga munu skuldinar vera samtals tæpar 545.000 sem skiptast hlutfallslega eins og mynd 1 sýnir.



- Landsbanki
- Vodafone
- Borgun
- Skífan
- Kredia
- Hraðpeningar

*Mynd 1 – Hlutfall skulda*

Myndin er samt villandi þar sem Skífan og Vodafone eru ekki aðilarnir sem myndu sækja að Sigu. Þar voru gerðir raðgreiðslusamningar sem kreditkortafyrirtækið myndi senda í innheimtu. Mynd 2 er því eflaust skýrari að því leyti.



- Landsbanki
- Hraðpeningar
- Borgun
- Kredia

*Mynd 2 – Kreditkortareikningar teknir saman*

Allir reikningarnir verða líklega sendir í innheimtu og skráðir á Vanskilaskrá LT. Hægt er að skrá á Vanskilaskrá LT að minnsta kosti 2 reikninga (Landsbankinn og kreditkortafyrirtækið). Reikningar frá Kredia og Hraðpeningum geta ekki verið skráðir á Vanskilaskrá LT. Fyrirtæki sem veita raðgreiðslusamninga velta ábyrgðinni á lánveitingunni yfir á kortafyrirtækin. Það eru þau sem taka að sér að rukka einstaklinginn og kortafyrirtækið sendir einn reikning þar sem margir lágir reikningar eru teknir saman, það auðveldar skráningu á Vanskilaskrá LT.

Ef munurinn á smálánum og öðrum lánum er skoðaður sést að það er mun auðveldara að fá smálán, allt gert á netinu og litlar sem engar upplýsingar sem þarf að gefa upp.

Afgreiðsia smáláns er líka mun fljótari, 10 mínútur á móti þeirri klukkustund sem það tók að fá yfirdrátt. En upphæðin er mun lægri og þess krafist að fyrri lánið sé greitt áður en fleiri lán eru tekin. Ef það er skoðað í samhengi við raðgreiðslusamninga kreditkortafyrirtækja er sláandl munur. Ef einstaklingur hefur aðgang að kreditkortu getur sá hinn sami stofnað til skulda upp á 250 þúsund krónur þrátt fyrir að heimildin á kortinu sé bara 100 þúsund. Kreditkortuð veitir líka aðgang að áskriftarþjónustu þar sem reikningarnir geta verið upp á tugi þúsunda. Rannsóknir hafa sýnt fram á að fólk á til að eyða meiri peningum ef það notar kreditkort (Robb og Pinto, 2010) og er íkleggra til að lenda í vanskilum ef það hefur kreditkort en ef það hefur það ekki (Edmonds, Stevenson, Swisher, 2010).

Spurningin sem var inngangspunktur í þessari skýrslu var á þessa leið: Hversu mjög getur ung manneskja með litla sem enga fjármálasögu skuldsett sig og hversu hratt. Niðurstaðan er rúm hálf milljón og það tók 4 virka daga. Skuldarnar eru mestar vegna kreditkorts, á þremur klukkustundum fékk einstaklingur í hendurnar úttæktarheimild upp á 350 þúsund í formi raðgreiðslu og heimildar. Aðrir aðilar eru með 40% af skuldunum. Niðurstaða bendir til að smálán ættu ekki að knésetja einstaklinga en þó er frekari rannsókna þörf á þessu fyrirbæri. Þar væri t.a.m. hægt að skoða hve mikil áhrif smálán hafa á eyðslu einstaklinga, hvort fylgni sé milli smálána og vanskila á öðrum stöðum og margt fleira.

## Fyrirvarar

Útlán – samtök fjármálafyrirtækja án umsýslu með fjármuni annarra það undirritaðan um að gera þessa rannsókn og ber að taka hana með þeim fyrirvara. Rannsóknin reynir hvorki að meta áhrif þess að fá lán með skjótum hætti né kostnaðinn sem myndast við lántökuna. Þar sem rannsóknaraðferðin er eigindleg er ekki hægt að ganga út frá því að allir einstaklingar fengju þessi lán eða að önnur lán hefðu ekki fengist.

## Heimildaskrá

- Edmonds, T., Stevenson, L., Swisher, J. (2010). Consumer Credit: The next shoe to drop or a bullet dodged? *Journal of legal, ethical and regulatory issues* 13(2), 117-118.
- Robb, C. og Pinto M. (2010). Collage students and credit card use: An analysis of financially at-risk students. *Collage student journal* 44(4), 823-835.

## Fylgiskjöl



Kl. 470905-1740  
VSK Nr. 91528



## Reikningur

Reikningur  
Nr. kassa  
Dagsetning 29.04.11

Viðskm.nr.:

Sölum. AF Aldis

Nr.	Lýsing	Magn	Ein.Verð	Afst. %	Afsláttur	Nettóupph.	VSK	Upphæð
16IP44BL	Apple iPhone 4 16gb Radnúmer 012655004595440	1,00	139.990,00			111.545,82	28.444,18	139.990
<b>Greiðslur</b>								
Staðgreiðslan			139.990,00					
						<b>Samtals án VSK</b>		111.546
						<b>VSK Upphæð</b>		28.444
						<b>Samtals</b>		139.990

Skilarettur: Hægt er að skila vöru innan 30 daga sé hún ónotuð og í upprunalegu ástandi. Framvísa þarf kvittun  
Vara er eign Vodafone þar til hún er að fullu greidd.

Útgáfa þessa reiknings upphýttir krókur reglugerðar nr. 508/1999 um raliert bókhalð



# BORGUN

AUGVELDAR VIÐSKIPTI

Borgun hf. kt. 440686-1259		Vaxtalaust staðgreiðslulán án lántökukostnaðar 1		
Greiddslumáti		Kennitala korthafa/skuldara	Sími	Seljandi 9778446
Greiddslukort xxx-xxxx-xx				Sölum. AR
Nafn og heimili skuldara			Bref nr	
			Heimild	
<b>Skýring</b>				
Iphone 4				Krónur
			Heildarverð	139.990
			Lántökugjald (3)	0
<b>Greiddslukjör</b>				
Fjöldi gjalddaga	Fyrsti gjalddagi	Vextir *		
12	02.06.2011	0,00% fastir		
Árleg hlutfallst. kostn.	Heildarlántökukostn.	Heildarupphæð	Samtals skuld	139.990 kr.
3,93%	3.000 kr.	142.990 kr.		
Krónur: eittundraðþrjátíuognúpsundogniuhundruðogniutiug00/100				
<p>Skuldari viðurkennir með undirritun sinni að skulda Borgun hf. ofangreinda fjárhæð og lofar að endurgreiða hana, ásamt kostnaði eins og greinir að ofan. Jafnframt staðfestir skuldari að hafa kynnt sér meðfylgjandi greiðsluáætlun um afborganir, vexti og annan kostnað af lántökunni. Um lánið gilda lög nr. 121/1994 um neytenálan.</p> <p>Lánið skal endurgreiddast til Borgunar hf. með jöfnum mánaðarlegum afborgunum og kostnaði af innheimtunni samkvæmt gjaldskrá Borgunar hf.</p> <p>Lánið innheimtist með þeim hætti sem skuldari hefur valið og tilgreindur er hér að ofan. Innheimtist greiðsla / greiðslur ekki með þeim hætti er samið hefur verið um og rökja má ómöguleika til ástæðna sem eru á ábyrgð skuldara s.s. að ekki er fyrir hendi innstaða á reikningi, er þá Borgun hf. heimilt en ekki skytt að senda skuldara sérstakan greiðsluæðli til innheimtu og greiðir skuldari þá kostnað af slíkrri innheimtu skv. gjaldandi gjaldskrá Borgunar hf. á hverjum tíma. Staft ómöguleiki af ástæðum sem ekki eru í valdi skuldara má Borgun hf. innheimta skuld með greiðsluæðli en kostnaður við innheimtu má aldrei vera meiri en ef innheimt væri með þeirri leið er samið var um í upphafi.</p> <p>Dragist greiðsla afborgunar, vaxta eða kostnaðar lengur en í 14 daga er Borgun hf. hvenær sem er heimilt að gjaldfella alla skuldina og afhenda hana til innheimtu á kostnað skuldara. Ef greiðsla berst ekki á réttum gjalddaga reiknast dráttarvextir eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.</p> <p>Um færslur gilda að öðru leyti reglur almennra viðskiptaskilmála um kortið, sé greiðslumáti kreditkort.</p> <p>Upplýsingar um stöðu lánsins fást hjá Borgun hf. í síma 560-1600 eða innheimta@borgun.is</p>				
Undirskrift seljanda		Undirskrift skuldara		Útgáfudagur 29.04.2011

## Greiddisáætlun

Nr.	Gjald dags	Afborgun	Vextir	Greiddslugi	Greitt allt
1	02.06.2011	11.666 kr.	0 kr.	250 kr.	11.916 kr.
2	02.07.2011	11.666 kr.	0 kr.	250 kr.	11.916 kr.
3	02.08.2011	11.666 kr.	0 kr.	250 kr.	11.916 kr.
4	02.09.2011	11.666 kr.	0 kr.	250 kr.	11.916 kr.
5	02.10.2011	11.666 kr.	0 kr.	250 kr.	11.916 kr.
6	02.11.2011	11.666 kr.	0 kr.	250 kr.	11.916 kr.
7	02.12.2011	11.666 kr.	0 kr.	250 kr.	11.916 kr.
8	02.01.2012	11.666 kr.	0 kr.	250 kr.	11.916 kr.
9	02.02.2012	11.666 kr.	0 kr.	250 kr.	11.916 kr.
10	02.03.2012	11.666 kr.	0 kr.	250 kr.	11.916 kr.
11	02.04.2012	11.666 kr.	0 kr.	250 kr.	11.916 kr.
12	02.05.2012	11.666 kr.	0 kr.	250 kr.	11.916 kr.
Samtals:		139.990 kr.	0 kr.	3.000 kr.	142.990 kr.
Lánþkugjald:		0 kr.			
Árleg hlutfallstala kostnaðar:		3,93%			

**BORGUN**

Borgun hf. kt. 440686-1259		Vaxtalaust Staðgreiðsluá		AUFVELDAR VIÐSKIPTI	
Greiddslumáti		Kennitala korthafa/skuldara		Sími	Seljandi 9829091
Greiddslukort xxx-xxxx-xx				Sölum, PRR	
Nafn og heimili skuldara				Bréf	
				Heimild	
Skýring					
Playstation 3 160gb Singstar Mic Singstar ps3				Krónur	
				Heildarverð	77.998
				Lántökugjald (3)	2.340
Greiddslukjör					
Fjöldi gjalddaga	Fyrsti gjalddagi	Vextir*			
6	02.06.2011	0,00% fastir			
Árleg hlutfallst. kostn.	Heildarlántökukostn.	Heildarupphæð	Samtals skuld	80.338 kr.	
7,49%	4.110 kr.	82.108 kr.			
Krónur: áttatvöpusundögþrjúhundruðþrjátíuogáttaog00/100					
<p>Skuldari viðurkennir með undirritun sinni að skulda Borgun hf. ofangreinda fjárhæð og lofar að endurgreiða hana, ásamt kostnaði eins og greint er ofan, jafnframt staðfestir skuldari að hafa kynnt sér meðfylgjandi greiðsluásetun um afborganir, vexti og annan kostnað af lántökunni. Um lánið gæða lög nr. 121/1994 um neytendalán.</p> <p>Lánið skal endurgreidd til Borgunar hf. með jöfnum mánaðarlegum afborgunum og kostnaði af innheimtunni samkvæmt gjaldskrá Borgunar hf.</p> <p>Lánið innheimtist með þeim hætti sem skuldari hefur valið og tilgreindur er hér að ofan. Innheimtist greiðsla / greiðsur ekki með þeim hætti er samið hefur verið um og rekja má ómöguleika til ástæðna sem eru á ábyrgð skuldara s.s. að ekki er fyrir hendi innstæða á reikningi, er þá Borgun hf. heimil en ekki skyld að senda skuldara sérstakan greiðsluásetun til innheimtu og greiðir skuldari þá kostnað af söku innheimtu skv. gjaldandi gjaldskrá Borgunar hf. á hverjum tíma. Staft ómöguleiki af ástæðum sem ekki eru í valdi skuldara má Borgun hf. innheimta skuld með greiðsluásetun en kostnaður við innheimtu má skrei vera meiri en af innheimt væri með þeirri leið er samið var um í upphafi.</p> <p>Dragist greiðsla afborgunar, vaxta eða kostnaðar lengur en í 14 daga er Borgun hf. hvenær sem er heimil að gjaldfela alla skuldina og afhenda hana til innheimtu á kostnað skuldara. Ef greiðsla berst ekki á réttum gjalddaga reiknast dráttarvextir eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.</p> <p>Um færslur gilda að öðru leyti reglar almennra viðskiptaskilmála um kortið, sé greiðslumáti kreditkort.</p>					
Upplýsingar um stöðu lánsins fást hjá Borgun hf. í síma 560-1600 eða innheimta@borgun.is					
Undirskrift seljanda			Undirskrift skuldara		Útgáfudagur
					29.04.2011

29.4.2011

<https://www.lanavefur.is/loantypes/St...>

## Greifsluðáætlun

Nr.	Gjalddag	Afborgun	Vextir	Greifslugj.	Greitt allt
1	02.06.2011	13.390 kr.	0 kr.	295 kr.	13.685 kr.
2	02.07.2011	13.389 kr.	0 kr.	295 kr.	13.684 kr.
3	02.08.2011	13.390 kr.	0 kr.	295 kr.	13.685 kr.
4	02.09.2011	13.390 kr.	0 kr.	295 kr.	13.685 kr.
5	02.10.2011	13.389 kr.	0 kr.	295 kr.	13.684 kr.
6	02.11.2011	13.390 kr.	0 kr.	295 kr.	13.685 kr.
Samtals:		80.338 kr.	0 kr.	1.770 kr.	82.108 kr.
Lántökugjald:		2.340 kr.			
Áætleg hlutfabstaka kostnaðar:		7,49%			



### Áskriftarsamningur

Símanúmer

[REDACTED]

Greiðandi

[REDACTED]

Notandi

Greiðslumáti Frelsi

Kredittkortanúmer

Gildistími /

Tegund síma

IMEI nr.

Þjónustuleið Frelsi eitt verð

Aukþjónustur

SIM kort

[REDACTED]

<b>Skuldfærsluheimild</b>
Ég undirritaður veit hér með heimild fyrir að gjöld vegna ófangreinds símanúmers verði skuldað á kreditkort mált.
Dags. 29. apríl 2011 Undirskrift _____ kt. _____

### Undirskrift samnings

Ég undirritaður hef kynnt mér almennar reglur og skilmála Og fjarskipta hf. um fjarskiptaþjónustu sem fylgja samningi þessum

29. apríl 2011

Persónuskilríki (númer/teg.) : , nr.

Sölumaður

Undirskrift

réttihafa

\_\_\_\_\_

## Beiðni um lánayfirlit frá Reiknistofu bankanna

Undirritaður óskar eftir lánayfirliti frá Reiknistofu bankanna yfir skuldbindingar sínar við hverja og eina þá lána- og fjármálastofnun sem Reiknistofan þjónar eða tengist, þ.m.t. ábyrgðarskuldbindingar.

Hér undir falla einnig skuldbindingar rímar og ábyrgðarskuldbindingar sem stofnanir innheimta fyrir aðra aðila. Landsbankinn hf. eða dótturfyrirtæki hans, SP-Fjármögnun hf., hafa heimild til að senda beiðni þessa fyrir mína hönd. Heimildin gildir í 14 daga og tekur einungis til einnar könnunar og úprettunar á stöðu skuldbindingar sákvæmt framanritaðu.

Mér er kunnugt um rétt minn til að fá lánayfirlitið sent heim án viðkomu hjá SP-Fjármögnun hf.

Beiðnin er send til SP-Fjármögnunar/Landsbankans sem mun prenta út yfirlitið.

Ég óska eftir að yfirlitið verði

prentað út hjá SP-Fjármögnun hf./Landsbankanum hf.

sent heim

Reykjavík, 04.05.2011

[Redacted signature]

[Redacted name]

Höfundar/Glæsiblar





## SAMANTEKT ÚR RANNSÓKNARSKÝRSLU


## „Til hversu hárra skulda getur ungur einstaklingur stofnað og á hve stuttum tíma?“

Rannsakað með þátttöku 19 ára stúlku í menntaskóla. Hún hefur engin fyrri lán á eigin nafni, er ekki með skráð símanúmer. Hún hefur hingað til borgað reikninga á réttum tíma og er eigandi að bifreið sem hún fékk að gjöf.

Stúlkan hafði samband við nokkrar fjármálastofnanir til að fá fyrirgreiðslu, yfirdrátt og kreditkort. Hálfum degi eftir að stúlkan fékk kreditkort í hendur var skuldin komin í 200 þúsund krónur. Hún var komin í reikningsviðskipti við símafyrirtæki þar sem ekkert þak var á notkun og upphæð símareiknings. Með kreditorti getur einstaklingur stofnað til viðskipta og gert fjárhagslegar skuldbindingar á mörgum stöðum, til dæmis með áskrift að tímaritum, sjónvarpi og fleiru.

Á 4 virkum dögum kom þess stúlka sér í 540 þúsund króna skuld hjá fjórum fyrirtækjum. Kreditkort var helsta hjálpartækið en með því sköpuðust 60% skuldanna. 4% skuldanna voru smálán.

## 19 ÁRA STÚLKA SAFNAR SKULDUM Á 4 VIRKUM DÖGUM



## 4 DAGAR – 540.000 KR. SKULDIR

Viðskiptabanki	Yfirdráttur	200.000
Kortafyrirtæki	Kreditkort	100.000
Símafyrirtæki	Raðgreiðslusamningur	142.990
Raftækjaverslun	Raðgreiðslusamningur	82.108
Smálánafyrirtæki 1	Smálán	10.000
Smálánafyrirtæki 2	Smálán	10.000
<b>SAMTALS</b>		<b>545.098</b>

